



**HAFNARFJÖRÐUR**

# **GREINARGERÐ MEÐ FJÁRHAGSÁÆTLUN 2020-2023**



**Fjárhagsáætlun 2020 – 2023. Greinargerð**

Bæjarstjórn Hafnarfjarðarkaupstaðar

Seinni umræða

11. desember 2019

# Efnisyfirlit

Inngangur	2
Forsendur áætlunar 2020–2023	4
Málaflokkar, stofnanir og fyrirtæki	9
A- og B-hluti	9
A-hluti	9
Aðalsjóður	10
Fjölskyldu- og barnamálasvið	12
Mennta- og lýðheilsusvið	17
Íþróttá-, tómsunda- og lýðheilsuáá	23
Menningarmál	27
Brunamál og almannavarnir	32
Hreinlætismál	32
Skipulags- og byggingarmál	32
Umferðar- og samgöngumál	34
Umhverfismál	34
Sameiginlegur kostnaður	35
Eignasjóður	36
Vatnsveita	38
Fráveita	39
Húsnæðisskrifstofa	39
Hafnarfjarðarhöfn	40
Framkvæmdaáætlun 2020	43

# Inngangur

Hafnirðingar telja nú um 30.000 manns en því takmarki var náð nýlega þegar lítil stúlka fæddist þann 16. október síðastliðinn. Það var sérlega ánægjulegt að fagna nýfæddu barni á sama tíma og áherslur bæjarstjórnar snúast einmitt að miklu leyti um að tryggja, auka og efla þjónustu við fjölskyldufólk, ekki síst barnafjölskyldurnar í bænum. Sveitarfélagið hefur skrifað undir samstarf við Unicef um innleiðingu Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna í stefnur okkar og ákvarðanir. Á árinu 2019 hefur verið lögð áhersla á að halda gjöldum og álögum á fjölskyldufólk í lágmarki, meðal annars með auknum systkinaafsláttum í skólakerfinu, meiri niðurgreiðslu frístundastyrkja og lægra útsvari og fasteignagjöldum. Þeirri stefnu verður haldið áfram á komandi ári. Gera má ráð fyrir að íbúafjöldinn aukist töluvert á nýju ári þegar nýir íbúar flytja inn í þau hús sem eru í byggingu til dæmis í Skarðshlíðinni. Frumbyggjar þess hverfis fluttu inn á haustmánuðum og hafa hreiðrað vel um sig í þessu nýja og fjölskylduvæna íbúðahverfi sem mun vonandi brátt verða eitt vinsælasta byggingarsvæði höfuðborgarsvæðisins. Lóðaúthlutanir í Hamranesi eru einnig að hefjast en nýverið voru auglýstar lausar lóðir í fyrsta áfanga framkvæmda þar og liggur nú fyrir að mikil eftirspurn er eftir lóðum á því fallega svæði. Um þessar mundir er lögð áhersla á að auka aðgengi að þjónustu sveitarfélagsins og jafnframt að vel sé tekið í nýjar hugmyndir einstaklinga og félaga sem styrkt geta samfélagið okkar og gert bæinn okkar fjölbreyttari, enn meira aðlaðandi og skemmtilegri að búa í, starfa í eða sækja heim. Bæjarbragurinn í Hafnarfirði er einstakur; umhverfið, nálægð við náttúruperlur og upplandið, hafnarsvæðið og aðlaðandi miðbær. Við höfum náð að halda hlýleika okkar þrátt fyrir aukinn fjölda íbúa, verið heillandi bær þrátt fyrir auknar framkvæmdir og breytingar og ætlum okkur að halda því áfram.

## Snjallari í öllu tilliti – snjallsamfélagið

Hafnarfjarðarbær er stór vinnustaður með rétt um 1.900 starfsmenn. Þeir sinna fjölbreyttum verkefnum á 70 starfsstöðvum úti um allan bæ. Þetta er fjölpætt og mikilvæg starfsemi fyrir samfélagið sem kallar á mikið og gott skipulag og samvinnu milli skipulagsheilda. Þessa samvinnu höfum við aukið í verkefnum okkar og vinnu heilt yfir og munum gera áfram. Undanfarin misseri og ár hafa stór verkefni verið innleidd til að bæta þær undirstöður sem hafa áhrif á veitta þjónustu og munu geta dregið úr álagi á síðari stigum. Þannig er lögð rík áhersla á forvarnir, heilsueflingu allra aldurshópa, snemmtæka íhlutun, fjölmenningu, notendasamráð og umbætur á starfsumhverfi nemenda og starfsfólks.

Vinna við gerð menntastefnu er nú í fullum gangi og þar er nemandinn sjálfur í forgrunni og sú hugmynd að hver og einn geti blómstrað á sínum eigin forsendum. Almenn þjónusta, eins og sópun gatna, mokstur, sorphirða, hreinsun eða viðhald á öllum okkar sameiginlegu svæðum; opnum svæðum, leiksvæðum, gatnakerfi og húsnæði, hefur verið eflað og frekari þróun verður áfram á nýju ári. Framlög til leik- og grunnskóla, fjölskylduþjónustu, viðhalds, menningarmála og umhverfisþjónustu aukast milli ára. Á nýju ári verður lögð áhersla á forgangsröðun í grunnþjónustu samhliða því að nútímavæða og þróa þjónustu sveitarfélagsins með hagnýtingu upplýsingatækni og skýrari verkferlum. Þegar hafa verið tekin stór og mikilvæg skref í átt að snjallari Hafnarfirði en sumarið 2019 var ákveðið að ráðast í skipulagsbreytingar og nýtt svið þjónustu og þróunar kynnt. Breyttar þarfir og starfsumhverfi krefjast þess að við séum

„snjallari“ í öllu tilliti og eflum leiðir sem auðvelda öllum að sækja þjónustu og upplýsingar. Samhliða munum við leggja áherslu á að greiða samgönguleiðirnar og til stendur að gera samgönguáætlun fyrir Hafnarfjörð á árinu, með áherslu á öryggismál og vistvænar samgöngur. Ásvallabraut kemur til framkvæmdar auk þess sem yfirstandandi tvöföldun á Reykjanesbraut lýkur. Aðrar stórar framkvæmdir snúa að frekari uppbyggingu á Suðurhöfninni, kaup á félagslegu húsnæði og framkvæmdum veitna. Einnig stefnum við að því að ljúka uppbyggingu á nýjum leikskóla, grunnskóla og tónlistarskóla í Skarðshlíð þannig að nýtt hverfi geti byggst hratt og vel upp. Jafnframt verða framkvæmdir við nýtt knatthús á Ásvöllum og reiðhöll Sörla undirbúnar og munu hefjast í takti við tekjur af sölu lóða á svæðunum.

Fjárhagsáætlun ársins 2020 liggur nú fyrir og sem fyrr er hún í tveimur hlutum. Annars vegar greinargerð og hins vegar tölulegur hluti sem inniheldur upplýsingar vegna samantekinna A- og B-hluta sveitarsjóðs, auk aðalsjóðs og annarra sjóða sveitarfélagsins.

### Helstu niðurstöður fjárhagsáætlunar 2020

- Rekstrarniðurstaða A- og B-hluta er jákvæð um 791 milljón króna
- Skuldaviðmið heldur áfram að lækka, niður í 105% í árslok 2020
- Áætlað veltufé frá rekstri A- og B-hluta er 3,6 milljarðar króna eða tæp 12% af heildartekjum
- Útsvarsprósenta er óbreytt eða 14,48%
- Heildarálagning fasteignagjalda lækkar með lægri vatns- og fráveitugjöldum til að koma til móts við hækkun fasteignamats
- Almennt er gert ráð fyrir að gjaldskrá fyrir árið 2020 haldist óbreytt eða hækki í takt við vísitölu
- Áætlun gerir ráð fyrir tekjum af lóðarsölu upp á einn milljarð króna
- Áætlaðar fjárfestingar verða samtals 3,1 milljarður króna
- Kaup á félagslegum íbúðum fyrir 500 milljónir króna
- Sjöunda árið í röð verða leikskólagjöld óbreytt á meðan launavísitala í landinu hefur hækkað um 49% á tímabilinu

Hafnarfjörður er þriðja stærsta sveitarfélag landsins með heildarútgjöld um 29,3 milljarða króna, áætlaðan launakostnað 14,7 milljarða króna og áætlaðan fjármagnskostnað um 1,4 milljarða króna. Árið 2018 var rekstrarniðurstaðan jákvæð sem nam 1.129 milljónum króna og 2017 einnig jákvæð um 799 milljónir króna.

Vinna við gerð vandaðrar fjárhagsáætlunar tekur tíma og ber fjárhagsáætlun næsta árs þess merki að fjárhagsstaðan er sterk og að stöðugleiki er í rekstri sveitarfélagsins. Starfsfólki Hafnarfjarðarbæjar þakka ég fyrir óeigingjarnt framlag í þágu sveitarfélagsins og fyrir að róa allt í sömu átt; í þá átt að gera Hafnarfjörð að sveitarfélagi sem veitir framúrskarandi þjónustu á öllum sviðum. Við erum ekki komin þangað enn en ætlum okkur svo sannarlega alla leið og erum þessa dagana að marka og varða leiðina.

11. desember 2019



Rósa Guðbjartsdóttir  
bæjarstjóri

# Forsendur áætlunar 2020–2023

## Lagatilvísanir og skilgreiningar

Fjárhagsáætlun Hafnarfjarðarkaupstaðar fyrir árið 2020 og þriggja ára áætlun fyrir árin 2021–2023 er sett fram í samræmi við 62. gr. sveitarstjórnarlaga, nr. 138/2011, fyrir A-hluta og samantekinn reikning fyrir A- og B-hluta. A-hluti samanstendur af aðalsjóði og eignasjóði. Í aðalsjóði er rekstur málaflokka og þjónusta við íbúa bæjarins sem er fjármögnuð með skatttekjum og þjónustugjöldum. Í eignasjóði er haldið utan um rekstur, viðhald og stofnframkvæmdir fasteigna og gatna. Í áætlun A-hluta er milliviðskiptum, vegna innri leigu, fasteignaskatta og afnota af íþróttamannvirkjum jafnað út á milli stofnana. Til B-hluta teljast fjárhagslega sjálfstæð fyrirtæki og rekstrareiningar sem eru í eigu bæjarins og eru fjármagnaðar með þjónustutekjum, en þau eru: Vatnsveita Hafnarfjarðar, Fráveita Hafnarfjarðar, Húsnæðisskrifstofa Hafnarfjarðar og Hafnarfjarðarhöfn. Þar sem talað er um *Áætlun 2019* í þessari greinargerð er átt við upprunalega áætlun fyrir árið 2019.

## Skatttekjur

Skattlagningu sveitarfélaga er settur rammi í lögum um tekjustofna sveitarfélaga nr. 4/1995 með síðari breytingum. Skatttekjur skiptast í útsvar og fasteignaskatt. Aðrar tekjur með skattaígildi eru lóðaleiga.

## Útsvar

Útsvarshlutfall á árinu 2020 verður 14,48%. Áætlað er að brúttó útsvarstekjur nemi um 20,5 milljörðum króna en um 2,5 milljarðar króna ganga til Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga, eða 1,76% af útsvarsstofni, þannig að nettó útsvarstekjur sveitarfélagsins eru áætlaðar rúmlega 18 milljarðar króna. Auk þess er gert ráð fyrir um 270 milljónum króna í eftirágreitt útsvar.

Áætlun útsvarstekna er byggð á útkomuspá ársins 2019 en jafnframt er tekið tillit til almennra forsendna á vinnumarkaði og fjölgunar íbúa. Gert er ráð fyrir 5,5%(?) hækkun launavísitölu, áþekktu atvinnuþátttöku og á árinu 2019 og fjölgun íbúa um 1,3%. Á grundvelli þessara gagna er gert ráð fyrir um 5% hækkun útsvars milli útkomuspár 2019 og 2020.

## Framlög úr Jöfnunarsjóði

Hafnarfjarðarkaupstaður fær framlög frá Jöfnunarsjóði sveitarfélaga vegna grunnskóla, tónlistarkennslu, nýbúafræðslu og þjónustu við fatlað fólk. Áætlun Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga liggur ekki fyrir en gert er ráð fyrir að fjárhæð framlaga nemi alls um 2,9 milljörðum króna.

## Fasteignagjöld

Stofn til útreiknings fasteignagjalda íbúðarhúsnæðis á árinu 2020 miðast við fasteignamat eigna sem birt var 1. júní 2019. Endurmat ársins, matsbreytingar og nýjar eignir leiða til þess að matsstofn Hafnarfjarðarkaupstaðar breytist á milli ára, samanber eftirfarandi töflu:

Fasteignamat – þús. kr.	Fasteignamat 2020	Fasteignamat 2019	Hækkun %	Fasteignamat 2018
Íbúðareignir	526.938.197	489.766.853	7,6%	434.460.642
Atvinnueignir	135.840.773	127.038.744	6,9%	104.276.924
Stofnanir og samkomustaðir	30.476.020	28.416.790	7,2%	25.375.650
<b>Samtals</b>	<b>693.254.990</b>	<b>645.222.387</b>	<b>7,4%</b>	<b>564.113.216</b>

Álagningarstofn íbúðarhúsnæðis hækkaði um 7,6% á milli ára. Heildarálagning á íbúðarhúsnæði hækkar hins vegar í takt við verðlagsþróun þar sem heildarálögur eru lækkaðar til að mæta hækkun fasteignamats. Vatnsgjald lækkar úr 0,058% í 0,054% og holræsagjald úr 0,129% í 0,120%. Fasteignaskattur íbúðarhúsnæðis er óbreyttur, eða 0,26%, og lóðaleiga er óbreytt, eða 0,33%, en lóðarmat íbúðarhúsnæðis lækkaði um 5% á milli ára.

#### Álagningarhlutföll fasteignagjalda íbúðarhúsnæðis árið 2020 og aftur til 2017:

Íbúðarhúsnæði	Álagning 2020	Álagning 2019	Álagning 2018	Álagning 2017
Fasteignaskattar	0,26%	0,26%	0,28%	0,31%
Lóðarleiga	0,33%	0,33%	0,36%	0,40%
Holræsagjald	0,120%	0,129%	0,137%	0,155%
Vatnsgjald	0,054%	0,058%	0,062%	0,070%
<b>Samtals</b>	<b>0,764%</b>	<b>0,777%</b>	<b>0,839%</b>	<b>0,935%</b>

#### Tekjutengdur afsláttur fasteignaskatts elli- og örorkulífeyrisþega

Afsláttur er hlutfallslegur og miðast við tekjur síðastliðins árs samkvæmt skattframtali. Tekjuviðmið hækka sem nemur hækkun launavísitölu tekjuárs, eða um 6,5%. Við útreikning afsláttar í upphafi árs 2020 er stuðst við skattframtal ársins 2018 en afslátturinn er síðan endurskoðaður þegar skattframtal ársins 2019 liggur fyrir. Leiði endurskoðunin til breytinga á afslætti breytist hann vegna þeirra greiðslna sem eftir eru á árinu. Ekki er endurreiknað vegna greiðslna fram að því. Til tekna teljast bæði launatekjur (reitur 2.7. á skattframtali) og fjármagnstekjur (reitur 3.10. á skattframtali). Miðað er við sameiginlegar tekjur hjóna og fólks í skráðri sambúð.

#### Töflur sýna tekjuviðmið einstaklinga annars vegar og hjóna og fólks í skráðri sambúð hins vegar:

Afsláttur %	2019		2020	
	Einstaklingar		Einstaklingar	
100%	0	5.354.000	0	5.702.000
75%	5.354.001	5.473.000	5702.001	5.829.000
50%	5.473.001	5.592.000	5.829.001	5.955.000
25%	5.592.001	5.711.000	5.955.001	6.082.000

Afsláttur %	2019		2020	
	Hjón/fólk í skráðri sambúð		Hjón/fólk í skráðri sambúð	
100%	0	6.841.000	0	7.286.000
75%	6.841.001	7.317.000	7.286.001	7.793.000
50%	7.317.001	7.794.000	7.793.001	8.301.000
25%	7.794.001	8.269.000	8.301.001	8.806.000

## Í töflu má sjá þróun síðustu ára og áætlaðan heildarafslátt árið 2020:

Tekjutengdur afsláttur fasteignagjalda	þús. kr.
2020 – áætlun	107.444
2019	89.549
2018	95.607
2017	45.385
2016	49.056
2015	33.136
2014	33.436
2013	36.802

Álagningarstofn atvinnueigna hækkaði um 6,9% á milli ára og lóðamat um 5,4%. Fasteignagjöld á atvinnuhúsnæði eru óbreytt og hafa lækkað umtalsvert frá árinu 2017 en voru áður óbreytt frá árinu 2011.

### Álagningarhlutfallið á fasteignaskatti atvinnuhúsnæðis er óbreytt frá 2019

Atvinnuhúsnæði	Álagning 2019–2020	Álagning 2018	Álagning 2011–2017
Fasteignaskattar	1,40%	1,57%	1,65%
Lóðarleiga	1,17%	1,295%	1,30%
Holræsagjald	0,167%	0,187%	0,195%
Vatnsgjald	0,09%	0,1%	0,105%
<b>Samtals</b>	<b>2,827%</b>	<b>3,152%</b>	<b>3,25%</b>

### Aðrar tekjur

Í frumvarpi að fjárhagsáætlun er almennt gert ráð fyrir að gjaldskrá fyrir árið 2020 haldist óbreytt eða hækki í takt við lífskjarasamning. Dvalargjöld á leikskólum verða óbreytt sjöunda árið í röð. Í örfáum tilfellum hefur gjaldskrá verið leiðrétt fyrir auknum umsvifum og bættri þjónustu. Gjaldskrá umhverfis- og skipulagsþjónustu hækkar í samræmi við hækkun byggingarvísitölu 2020. Sorphirðugjald hækkar um 2.803 krónur frá 2019, úr 39.956 krónum í 42.759 krónur, og er það gert til að gjöldin standi undir kostnaði við veitta þjónustu eins og lög um meðhöndlun úrgangs nr. 55/2003 kveða á um.

### Laun og launatengd gjöld

Launakostnaður er áætlaður út frá núverandi stöðugildum og starfsmönnum og tekur mið af gildandi kjarasamningum. Kjarasamningar KÍ hafa verið lausir frá og með 1. júlí 2019 og flestir aðrir kjarasamningar starfsmanna sveitarfélagsins frá 1. apríl 2019. Áætlað er fyrir væntum hækkunum og sett í varasjóði á viðkomandi málaflokkum til að mæta þeim. Jafnframt er tekið tillit til breytinga í starfsmannahaldi sem tengjast fjölda nemenda í leik- og grunnskólum ásamt tillögum að breytingum sem gert er ráð fyrir í starfsmannahaldi á árinu 2020.

Launatengd gjöld eru reiknuð miðað við gildandi samninga og lög. Launaáætlun var unnin af stjórnendum bæjarins í launaáætlunarkerfi H3. Lögð verður áhersla á virkt eftirlit og eftirfylgni með launakostnaði, veikindum og fjölda stöðugilda en með réttum verkfærum verður sú vinna markvissari. Í október 2016 voru samþykktar nýjar reglur um fjarvistir og starfsendurhæfingu vegna

veikinda eða slysa starfsfólks. Með markvissri viðverustjórnun er markmiðið meðal annars að auðvelda starfsfólki endurkomu til starfa eftir veikindi, veita því stuðning og umhyggju og lækka um leið kostnað vegna fjarvista.

### **Lífeyrisskuldbindingar**

Breyting á lífeyrisskuldbindingum er áætluð um 1.110 milljónir króna á árinu 2020. Á árinu 2012 samþykkti bæjarstjórn Hafnarfjarðar að samtímagreiða inn á lífeyrisskuldbindinguna og er gert ráð fyrir að sú greiðsla nemi um 475 milljónum króna á árinu 2020. Byrjað var að samtímagreiða inn á lífeyrisskuldbindingu Byrs vegna fyrrverandi starfsmanna Sparisjóðs Hafnarfjarðar á árinu 2016 og eru um 75 milljónir króna af áætluðum heildargreiðslum 2020 vegna Byrs. Greiðslur vegna lífeyrisskuldbindinga Byrs eru gerðar með fyrirvara um niðurstöðu dómstóla, en Hafnarfjarðarkaupstaður mótmælir því að bænum beri að greiða þessa skuldbindingu. Gert er ráð fyrir að lífeyrisskuldbinding bæjarins verði um 14,3 milljarðar króna í árslok 2020. Til samanburðar eru heildarlaunagreiðslur sveitarfélagsins með launatengdum gjöldum á árinu 2020 áætlaðar 14,7 milljarðar króna. Af lífeyrisskuldbindingu eru rúmí 2,8 milljarðar króna vegna lífeyrisskuldbindinga fyrrverandi starfsmanna Sparisjóðs Hafnarfjarðar/Byrs og um 219 milljónir króna vegna Hafnarsjóðs.

### **Annar kostnaður**

Almennur rekstrarkostnaður sem er tengdur verðlagsforsendum samkvæmt samningum hefur verið uppfærður í takt við verðlagsbreytingar. Útgjöld hafa verið aukin þar sem um aukinn þjónustuþunga er að ræða en almennt er ekki gert ráð fyrir auknu fjármagni í ný verkefni á árinu 2020.

### **Fjármagnsliðir**

Fjármunatekjur eru áætlaðar í samræmi við rauntölur ársins 2019 og tekið er tillit til 22% fjármagnstekjuskatts. Viðskiptareikningar innan samstæðu eru ekki vaxtareiknaðir fyrir utan stöðu milli Hafnarfjarðarbæjar og Hafnarfjarðarhafnar. Innlend verðtryggð lán hafa verið uppreiknuð miðað við þjóðhagsspa en auk þess er tekið tillit til þess að spár bankastofnana gera ráð fyrir heldur lægri verðbólgu og því er miðað við 3%. Lánasafnið er vaxtareiknað miðað við vaxtakjör lánasamninga en meðalvextir eru um 3,6%. Ekki er gert ráð fyrir gengismun í áætlun en óverulegur hluti lána er gengistryggður, eða rúmlega 1,1 milljarður króna.

Gert er ráð fyrir að 500 milljón króna fjárfesting húsnæðisskrifstofu í nýju húsnæði verði fjármögnuð með 420 milljónum króna lántöku og 80 milljónum króna af eigin fé og að aðrar fjárfestingar verði fjármagnaðar með veltufé frá rekstri og lóðasölu. Gert er ráð fyrir að leigugreiðslur standi undir afborgunum og vöxtum af lánum húsnæðisskrifstofu. Afborganir lána nema um 3,2 milljörðum króna en þar af er rúmlega 1,1 milljarðar króna greiðsla á gengistryggðu kúluláni og er gert ráð fyrir að það lán verði endurfjármagnað á árinu. Þannig er gert ráð fyrir að skuldaviðmið haldi áfram að lækka og verði um 105% í árslok 2020.

### **Fyrirvarar og óvissuþættir**

Kjarasamningar starfsmanna sveitarfélagsins eru lausir sem veldur mikilli óvissu um rekstrarkostnað þar sem um 53% af heildartekjum sveitarfélagsins er varið til greiðslu launa og launatengdra gjalda og hækkunar lífeyrisskuldbindingar. Áætlað er fyrir væntum hækkunum og sett í varasjóð.



### **Þriggja ára áætlun 2021–2023**

Þriggja ára áætlun sveitarfélagsins tekur mið af verðlagsbreytingum í samræmi við þjóðhagsspá sem notuð var til grundvallar frumvarpi til fjárlaga. Útsvarstekjur ráðast af fjölda íbúa, launaþróun, atvinnuþátttöku og atvinnustigi en hér er gert ráð fyrir hækkingu tekna um 5–6,4% á ári. Áætlaðar tekjur vegna fasteignaskatta og lóðarleigu hækka hóflega, eða um 3% á ári. Annar rekstrarkostnaður eykst samkvæmt þjóðhagsspá um vísitölu neysliverðs og þjónustuþyngingu í kjölfar fjölgunar íbúa. Laun og launatengd gjöld hækka í takt við launavísitölu samkvæmt þjóðhagsspá. Fjármagnsliðir og afborganir lána eru áætluð í samræmi við lánasamninga.

### **Mannauður**

#### **Heildarfjöldi stöðugilda hjá Hafnarfjarðarkaupstað:**

Hafnarfjarðarkaupstaður	Fjöldi stöðug. 2020	Fjöldi starfsm. 2020	Fjöldi stöðug. 2019	Fjöldi starfsm. 2019	Fjöldi stöðug. 2018	Fjöldi starfsm. 2018
Fjölskyldu- og barnamálasvið	216,3	333	197,2	291	187,7	278
Mennta- og lýðheilsusvið	1.187	1.427	1.171,2	1.405,4	1.125	1.349
Fjármálasvið	18	18	24	24	24	24
Stjórnsýslusvið	11,5	12	43,2	55,3	41,2	53
Þjónustu- og þróunarsvið	38,4	50				
Umhverfis- og skipulagssvið	45,5	46	45,5	46	43,5	44
Hafnarfjarðarhöfn	13	13	12	12	12	12
	1.529,7	1.899	1.493,1	1.833,7	1.433,4	1.760

# Málaflokkar, stofnanir og fyrirtæki

## A- og B-hluti

- Áætlað er að heildartekjur fyrir A- og B-hluta á árinu 2020 verði um 30,1 milljarður króna og að áætluð rekstrargjöld fyrir fjármagnsliði verði um 27,9 milljarðar króna. Jákvæð rekstrarniðurstaða fyrir fjármagnsliði er áætluð um 2,2 milljarðar króna en fjármagnsliðir eru áætlaðir tæplega 1,4 milljarðar króna, þannig að áætluð rekstrarniðurstaða ársins 2020 er jákvæð um 791 milljón króna.
- Heildareignir samstæðunnar eru áætlaðar um 59,6 milljarðar króna í árslok 2020. Skuldir og skuldbindingar eru áætlaðar um 45,3 milljarðar króna og eigið fé um 14,3 milljarðar króna.
- Veltufé frá rekstri er sá mælikvarði sem oft er litið til þegar meta skal getu sveitarfélaga til að standa við skuldbindingar sínar utan rekstrar. Mælikvarðinn gefur meðal annars vísbendingu um hversu mikið er til ráðstöfunar frá rekstri til fjárfestinga og til að greiða skuldir. Á árinu 2020 er gert ráð fyrir að veltufé frá rekstri verði tæpir 3,6 milljarðar króna, sem er um 11,8% af heildartekjum.

## Samantekið yfirlit yfir rekstur, efnahagsreikning og sjóðstreymi:

A- og B-hluti – m. kr.	Áætlun 2020	Áætlun 2019	Ársreikningur 2018	Ársreikningur 2017
<b>Rekstrarreikningur</b>				
Tekjur	30.135	28.493	26.812	25.273
Gjöld	(27.908)	(25.710)	(23.859)	(22.592)
Fjármagnsliðir	(1.436)	(1.798)	(1.824)	(1.355)
Rekstrarniðurstaða	791	985	1.129	1.326
<b>Efnahagsreikningur</b>				
Eignir	59.624	56.764	55.971	51.173
Eigið fé	14.288	12.758	12.780	10.986
Skuldir og skuldbindingar	45.336	44.005	43.191	40.187
<b>Sjóðstreymi</b>				
Veltufé frá rekstri	3.566	3.953	3.863	3.646

## A-hluti

- Í áætlun 2020 er gert ráð fyrir að rekstrarniðurstaða A-hluta sé jákvæð fyrir afskriftir og fjármagnsliði um tæplega 1,2 milljarða króna.
- Áætlaðar rekstrartekjur A-hluta eru um 28 milljarðar króna og áætluð rekstrargjöld fyrir fjármagnsliði eru tæpir 26,9 milljarðar króna. Fjármagnsliðir eru áætlaðir rúmlega 1,1 milljarður króna. Áætluð rekstrarniðurstaða A-hluta verður því jákvæð um 15 milljónir króna.
- Heildareignir A-hluta í árslok 2020 eru áætlaðar um 47,9 milljarðar króna, skuldir um 41,2 milljarðar króna og eigið fé um 6,6 milljarðar króna.
- Áætlað veltufé frá rekstri, A-hluta, er um 2,3 milljarðar króna, eða um 8,1 % af heildartekjum.

**Samantekið yfirlit yfir rekstur, efnahagsreikning og sjóðstreymi:**

A-hluti – m. kr.				
	Áætlun 2020	Áætlun 2019	Ársreikningur 2018	Ársreikningur 2017
<b>Rekstrarreikningur</b>				
Tekjur	28.022	26.516	24.888	23.486
Gjöld	(26.871)	(24.752)	(22.904)	(21.661)
Fjármagnsliðir	(1.136)	(1.453)	(1.494)	(1.085)
Rekstrarniðurstaða	15	311	490	740
<b>Efnahagsreikningur</b>				
Eignir	47.853	45.653	45.628	41.108
Eigið fé	6.624	5.924	6.591	5.436
Skuldir	41.229	39.729	39.037	35.671
<b>Sjóðstreymi</b>				
Veltufé frá rekstri	2.281	2.778	2.784	2.706

**Aðalsjóður**

Aðalsjóður annast reglubundinn rekstur málaflokka sem er fjármagnaður með skatttekjum og þjónustutekjum. Rekstraráætlun gerir ráð fyrir að rekstrarniðurstaða aðalsjóðs fyrir fjármagnsliði innri viðskipta verði jákvæð um 49 milljónir króna.


**Rekstraryfirlit:**

Aðalsjóður – m. kr.				
	Áætlun 2020	Áætlun 2019	Ársreikningur 2018	Ársreikningur 2017
<b>Rekstrarreikningur</b>				
Tekjur	28.685	27.150	25.661	23.885
Gjöld	(28.636)	(26.398)	(24.206)	(23.534)
Rekstrarniðurstaða fyrir fjármagnsliði	49	752	1.455	351

## Helstu útgjaldabreytingar í rekstri málaflokka á milli ára má sjá í eftirfarandi töflu:

Rekstur málaflokka aðalsjóðs					
Fjárhæðir í m. kr.	Áætlun 2020	Hlutfall af skatttekjum	Áætlun 2019	Mismunur	Ársreikningur 2018
Skatttekjur	25.491		24.457	1.034	22.395
Fjölskylduþjónusta	(4.828)	18,9%	(3.959)	(869)	(3.544)
Fræðslu- og uppeldismál	(13.889)	54,5%	(13.355)	(534)	(12.315)
Menningarmál	(488)	1,9%	(480)	(8)	(430)
Æskulýðs- og íþróttamál	(2.519)	9,9%	(2.031)	(488)	(1.883)
Brunamál og almannavarnir	(247)	1,0%	(240)	(7)	(231)
Hreinlætismál	(22)	0,1%	(17)	(5)	(15)
Skipulags- og byggingarmál	(130)	0,5%	(110)	(20)	(101)
Umferðar- og samgöngumál	(1.043)	4,1%	(953)	(90)	(914)
Umhverfismál	(168)	0,7%	(146)	(22)	(140)
Atvinnumál	(41)	0,2%	(55)	14	(37)
Sameiginlegur kostnaður	(2.624)	10,3%	(2.421)	(203)	(2.204)

## Hlutfall málaflokka af heildarútgjöldum:



## Fjölskyldu- og barnamálasvið

Frá og með haustinu 2018 hefur Hafnarfjarðarkaupstaður þróað nýtt verklag í þjónustu við börn í leik- og grunnskólum sveitarfélagsins sem hefur fengið nafnið Brúin. Markmið Brúarinnar er að samþætta þjónustu fjölskyldu- og barnamálasviðs og mennta- og lýðheilsusviðs. Áherslan hefur verið á að veita aukna þjónustu á fyrri stigum. Skólaárið 2018–2019 var unnið eftir þessu verklagi í þremur grunnskólum og sjö leikskólum. Skólaárið 2019–2020 eru skólahverfin orðin fimm og er stefnt að því að öll skólahverfi sveitarfélagsins njóti þessarar þjónustu á næstu misserum. Fjölgað var um einn sérfræðing haustið 2019 í Brúnni og eru þeir því orðnir fjórir. Rauði þráðurinn í Brúnni snýr að velferð og lífsgæðum barna og fjölskyldna þeirra og er áhersla lögð á að veita aukna þjónustu á fyrri stigum og auka samvinnu á milli fagsviða, skóla og heilsugæslu. Samvinnuverkefni Hafnarfjarðar og lögreglustjóraembættisins á höfuðborgarsvæðinu hófst á árinu 2019 og fellur afar vel að áherslum Brúarinnar.

Skrifað var undir samkomulag við UNICEF um verkefnið Barnvænt sveitarfélag og er leitað leiða til að hleypta því verkefni af stað á nýju ári. Í samkomulaginu segir að samhliða innleiðingu Barnasáttmálans skuli unnið að þróunarverkefni í tengslum við réttindi barna sem sækja um alþjóðlega vernd á Íslandi. Hafinn er undirbúningur að verkefninu sem er í samræmi við barnvænar áherslur sveitarfélagsins og aukna samvinnu við Útlendingastofnun.

Á árinu 2020 verður tekinn í notkun nýr búsetukjarni fyrir fatlað fólk að Arnarhrauni 50. Þar verða íbúðir fyrir sex fatlaða einstaklinga. Áfram verður unnið að eflingu faglegrar þjónustu fyrir fatlað fólk með fjölgun fagfólks á starfsstöðvum fatlaðs fólks. Samkvæmt ákvörðun fjölskylduráðs er ávallt auglýst eftir fagfólki í þær stöður sem lausar eru á starfsstöðvunum og verður svo áfram. Notendaráð Hafnarfjarðarbæjar hafa verið að eflast síðustu árin. Áfram verður stuðningur við starf notendaráðanna, bæði faglega og einnig með greiðslum fyrir fundarsetu.

Með nýjum og breyttum lögum um félagsþjónustu sveitarfélaga og lögum um þjónustu við fatlað fólk með langvarandi þjónustuþarfir var grunnþjónusta sveitarfélaga skilgreind og lögfest. Það hefur haft í för með sér aukinn kostnað í þjónustu við m.a. fatlað fólk og eldri borgara. Kostnaður jókst á árinu 2019, fleiri fengu þjónustu og þjónustan varð viðameiri. Fjárhagsáætlun ársins 2020 ber þess merki. Má nefna að lengd viðvera fyrir fötluð börn og ungmenni er orðið lögbundið verkefni sveitarfélaga og NPA-samningar eru einnig orðnir lögbundið þjónustuform.

Starfsemin að Suðurgötu 14 heldur áfram að eflast en um er að ræða Vinaskjól, sem er lengd viðvera fyrir fötluð ungmenni, Klettinn, sem er lengd viðvera fyrir fötluð börn frá 5.–10. bekk, og Geitunga, sem er atvinna fyrir fatlað fólk. Árið 2020 verður lögð áhersla á úrræði fyrir heimilislaust fólk með fjölþættan vanda. Nú þegar er hluti félagslegra leiguíbúða nýttur fyrir einstaklinga með fjölþættan vanda. Stefnt er að því að nýta fleiri íbúðir í félagslega húsnæðiskerfinu fyrir þennan hóp. Jafnframt verður lögð áhersla á að framleigja húsnæði fyrir hann. Úrræðið verði bundið þeim skilyrðum að viðkomandi sé tilbúinn til að taka þátt í virkniúrræðum og til að þiggja viðeigandi stuðning.

Gjaldskrá fjölskyldu- og barnamálasviðs er almennt lægri en í öðrum sveitarfélögum á höfuðborgarsvæðinu. Gjaldskráin verður færð nær því sem er í samanburðarsveitarfélögunum en þó þannig að Hafnarfjörður verður áfram með einna lægstu gjaldskrána. Hækkunin varðar fyrst og fremst þjónustu við eldri borgara en gjald fyrir hverja klukkustund í heimaþjónustu hækkar úr 610 kr. í 757 kr. fyrir ellilífeyrisþega og öryrkja og úr 800 kr. í 930 kr. fyrir aðra einstaklinga sem fá heimaþjónustu. Akstursþjónusta aldraðra hækkar úr 230 kr. í 470 kr. og fylgir þá almennu fargjaldi hjá Strætó bs. Þar sem umræddar breytingar varða fyrst og fremst eldri borgara var leitað álits Öldungaráðs sem gaf jákvæða umsögn. Fjárheimildir sviðsins hækka frá útkomuspá úr 4.279 milljónum króna í 4.828 milljónir króna, eða um 549 milljónir króna og 12,8% milli ára, og eru nú 18,9% af skatttekjum sveitarfélagsins. Munar þar mestu um aukinn kostnað vegna þjónustu við fatlað fólk, en einnig er aukinn kostnaður á skrifstofu fjölskyldu- og barnamálasviðs og vegna þjónustu við eldri borgara.

## ***Skrifstofa fjölskyldu- og barnamálasviðs***

Launakostnaður á skrifstofu fjölskyldu- og barnamálasviðs hækkar um 27 milljónir króna milli áætlana 2019 og 2020. Þessi aukning skýrist af hækkun launa á skrifstofunni vegna niðurstöðu starfsmats, auk þess sem verkefni húsnæðisfulltrúa voru færð frá þjónustuveri á skrifstofuna og við bættust stöðugildi vegna Brúarinnar og nýtt stöðugildi verkefnastjóra fjölmenningar.

## ***Fjárhagsaðstoð***

Í reglum sveitarfélagsins er gert ráð fyrir árlegri hækkun fjárhagskvarða í samræmi við neysluvísitölu. Nú er kvarðinn 185.000 krónur og hækkar hann reglum samkvæmt 1. janúar. Eins og síðustu ár verður haldið áfram að styðja fólk til sjálfshjálpar og lögð áhersla á að fjölga svokölluðum „Áfram“ störfum. Hafnarfjarðarkaupstaður er með samning við Reykjavíkurborg vegna aðkomu Hafnfirðinga að gistiheimilum borgarinnar fyrir heimilislausa. Einnig er gert ráð fyrir samningum við Starfsendurhæfingu Hafnarfjarðar, Specialisterne og frú Ragnheiði.

## ***Húsaleigubætur***

Reikna má með auknum útgjöldum á árinu 2020 vegna breyttra reglna um sérstakan húsnæðisstuðning. Í samræmi við nýfallinn úrskurð var það ákvæði að leigjendur í félagslegum íbúðum ættu ekki rétt á sérstökum húsnæðisstuðningi fellt úr reglum sveitarfélagsins. Í byrjun árs 2017 öðluðust gildi ný lög um húsnæðisstuðning sem fela meðal annars í sér að almennur húsnæðisstuðningur er alfarið hjá ríki en sérstakur húsnæðisstuðningur hjá sveitarfélögum. Gert var samkomulag milli ríkis og sveitarfélaga þess efnis að fjárhagslegt svigrúm sem skapast vegna þessara lagabreytinga verði nýtt til uppbyggingar í þágu húsnæðismála í sveitarfélögunum. Hafnarfjarðarkaupstaður hefur gætt þess að nýta svigrúmið í kaup á íbúðum og veitingu stofnframlaga.

## ***Barnavernd***

Ekki er gert er ráð fyrir hækkun dvalarkostnaðar í barnavernd eins og reyndin hefur verið síðustu ár. Er það fyrst og fremst vegna máls sem flyst frá barnavernd yfir í málaflokk fatlaðs fólks. Vegna umfangs málaflokksins og fjölgunar mála hefur verið ákveðið að fara í úttekt á skipulagi barnaverndarstarfs í Hafnarfirði. Tilgangur úttektarinnar er að fá faglegt og hlutlaust mat á skipulagi starfsins, úrræðum, starfsumhverfi starfsmanna, verkaskiptingu og skilgreiningu á ábyrgðarsviði. Úttektinni er m.a. ætlað að skerpa á verkferlum og styðja við núverandi starf. Áætlun 2020 gerir ráð fyrir 460 milljónum króna í þjónustu við börn og ungmenni og er þar um að ræða 89% af kostnaði vegna barnaverndarmála á árinu 2019.

## ***Heimaþjónusta aldraðra og öryrkja***

Gert er ráð fyrir rúmlega 68 milljóna aukningu í þjónustu við eldri borgara, eða 17% hækkun milli ára. Munar þar mestu um frístundastyrki, akstur eldri borgara, mötuneyti og heimsendingar á mat í heimahús. Auk þess hækkar niðurgreiðsla vegna fasteignagjalda. Þjónustuþegum fjölgar í heimaþjónustu ár frá ári og þjónustan verður viðameiri. Á árinu 2020 verður unnið áfram að verkefni um fjölbætta heilsurækt 65 ára og eldri í Hafnarfirði – Heilsuefningu fyrir eldri aldurshópa. Verkefnið fór af stað 2018 og hefur fest sig í sessi. Í ljósi þess að verkefnið er ekki lengur þróunarverkefni verður þátttökugjaldið hækkað úr 5.000 kr. í 7.000 kr. Hægt er að nýta frístundastyrkinn til að greiða þátttökugjaldið. Haldið verður áfram að þróa þjónustu við eldri borgara í heimahúsum, svo sem með nýtingu velferðartækni, og greind verður þörf fyrir aukið þjónustustig með viðurkenndu mælitæki. Í áætluninni fyrir árið 2020 er gert ráð fyrir rúmum 475 milljónum í þennan málaflokk.

### ***Liðveisla fatlaðs fólks***

Launakostnaður vegna liðveislu fatlaðs fólks hækkar um 9,7 milljónir króna árið 2020, sem stafar af aukinni þörf fyrir þjónustuna. Ný lög sem tóku gildi sl. haust gera auknar kröfur til félagsþjónustu sveitarfélaga hvað þessa þjónustu varðar.

### ***Ferðaþjónusta fatlaðs fólks***

Gert er ráð fyrir óbreyttu framlagi árið 2020 vegna akstursþjónustu fatlaðs fólks. Samningurinn við Strætó bs. var gerður til loka árs 2019 en hefur verið framlengdur fram á mitt ár 2020. Hafnarfjarðarkaupstaður ákvað að draga sig út úr sameiginlegu akstursþjónustunni á höfuðborgarsvæðinu og verður þjónustan boðin út fyrir lok árs 2019. Mikil undirbúningsvinna hefur staðið yfir vegna útboðsins með aðkomu og virkri þátttöku notenda.

### ***Málefni fatlaðs fólks***

Lögð er áhersla á að þjónusta fatlað fólk í sjálfstæðri búsetu. Tveir búsetukjarnar veita einnig svokallaða utankjarnaþjónustu, þ.e.a.s. starfsfólk veitir einnig þjónustu til fólks í heimahúsum. Er hér meðal annars litið til áherslna í samningi Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks. Á árinu 2019 hefur verið lögð áhersla á atvinnutækifæri fyrir fatlað fólk og Geitungar hafa náð fótfestu og þeim fjölgað. Stjórnendur stofnana hafa fengið kynningu á „Atvinnu með stuðningi“, með það að markmiði að fjölga fötluðu fólki í starfi hjá sveitarfélaginu. Notendastýrð persónuleg aðstoð (NPA) er orðið lögbundið þjónustuform. Hafnarfjarðarkaupstaður hefur tekið þátt í tilraunaverkefninu um NPA frá því að það fór af stað árið 2012. Tekin var ákvörðun um að breyta beingreiðslusamningum í NPA og eru nú 18 NPA-samningar í gildi. Ákveðið hefur verið að stofna starfshóp sem hefur það verkefni að skoða fyrirkomulag NPA, s.s. jafnaðartaxta, samræmdar reglur, hvernig úthlutun er háttáð og eftirfylgni. Innleiðing NPA stendur yfir til ársins 2022 skv. lögum. Á meðan starfshópurinn hefur ekki lokið störfum verður tímagjaldið hækkað í samræmi við launavísitölu frá 1. janúar 2020. Þessi ákvörðun verður endurskoðuð með hliðsjón af niðurstöðum starfshóps.

Kostnaðarauki milli útkomuspár 2019 og áætlunar 2020 í málaflokki fatlaðs fólks er 13%, eða rúmar 108 milljónir. Þar munar mestu um Lund, nýjan búsetukjarna fyrir fatlaða einstaklinga að Arnarhrauni, sem áætlað er að fari í rekstur um mitt ár 2020, fjölgun Geitunga, hækkun á tímagjaldi í NPA og miklar launahækkanir vegna starfsmats.

### ***Búsetukjarnar/heimili fatlaðs fólks***


Áhersla er á að efla menntunarstig starfsfólks á heimilum og starfsstöðvum fatlaðs fólks. Það leiðarljós verður áfram við ráðningar að faglært starfsfólk verður ráðið í þær stöður sem losna, sé þess nokkur kostur. Markið verður sett á að a.m.k. 40% starfsfólks séu með fagmenntun og að þessu markmiði verði náð innan fárra ára.

### ***Flóttamenn og hælisleitendur***

Ákveðið hefur verið að ganga til samninga við Útlendingastofnun um framlengingu á samningi um þjónustu við umsækjendur um alþjóðlega vernd sem eru nú þegar tímabundið búsettir í Hafnarfirði. Samningurinn er liður í því hlutverki stjórnvalda að tryggja þjónustu við umsækjendur um alþjóðlega vernd á meðan mál þeirra eru til meðferðar hjá íslenskum stjórnvöldum. Fyrir þjónustu sem veitt er á grundvelli samningsins greiðist daggjald auk þess sem ÚTL greiðir Hafnarfjarðarkaupstað árlegt fastagjald fyrir þjónustuna. Fastagjaldinu er ætlað að standa straum af launa- og rekstrarkostnaði. Áætlað er að greiðslur frá Útlendingastofnun vegna þessarar þjónustu standi undir rekstri. Þrír starfsmenn hafa verið ráðnir til að sinna þjónustunni og standa greiðslur frá ÚTL straum af þeim kostnaði.

**Rekstraryfirlit:**

Fjölskylduþjónusta – m. kr.	Áætlun 2020	Áætlun 2019	Ársreikningur 2018
<b>Tekjur:</b>			
Þjónustugjöld	698	381	490
Samtals tekjur	698	381	490
<b>Gjöld:</b>			
Laun og launatengd gjöld	2.428	2.047	1.920
Annar rekstrarkostnaður	3.098	2.293	2.291
Samtals gjöld	5.525	4.340	4.210
<b>Rekstrarniðurstaða</b>	<b>(4.827)</b>	<b>(3.959)</b>	<b>(3.720)</b>

**Skipting fjármagns hjá fjölskyldu- og barnamálasviði í fjárhagsáætlun 2020:**



## Mannauður

Stöðugildi sviðsins og stofnana sem heyra undir sviðið:

Fjölskylduþjónusta	Fjöldi stöðugilda 2020	Fjöldi starfsmanna 2020	Fjöldi stöðugilda 2019	Fjöldi starfsmanna 2019	Breyting stöðug. 2020/2019
Skrifstofa félagsþjónustu	24,5	27,0	23,5	24	1,0
Brúin	4,0	4	3	3	1,0
Áfram	5	5	2,3	3	2,7
Barnaverndarmál	2,7	12	2,7	4	0,0
Tómstundast. aldraðra mötuneyti	2,3	5	1,8	5	0,5
Heimaþjónusta	21,3	32	17,7	28	3,6
Félagsþjónustan Hraunsel	3,5	4	3,5	4	0,0
Atvinna með stuðningi/öryrkjar	12,7	26	10	19	2,7
Málefni fatlaðs fólks	3	3	3	3	0,0
Straumhvörf	10,1	17	10,1	15	0,0
Berjahlíð	9,3	13	9,3	14	0,0
Blikaás	10,5	19	10,5	21	0,0
Einiberg	7,5	10	7,5	13	0,0
Erluás	7	11	7	11	0,0
Smárahvammur	7,7	12	7,7	10	0,0
Steinahlíð	7,7	15	7,7	14	0,0
Svöluás	8,6	11,0	8,6	10	0,0
Svöluhraun	7,6	13,0	7,6	13	0,0
Lundur	6,3	14			6,3
Hnotuberg	8,8	14	8,8	18	0,0
Hæfingarstöðin Bæjarhrauni	11,5	13,0	11,5	13	0,0
Þjónustuíbúðir Drekaöllum	10,25	14	10	15	0,3
Lækur	2,55	5	2,5	4	0,1
Húsið	7,35	15	9	10	-1,7
Geitungar	11,17	13	8	10	3,2
Kletturinn	3,4	6	4	7	-0,6
Samtals	216,3	333	197,3	291	19,0

Fjölskylduþjónusta	Stöðugildi 2020	Stöðugildi 2019	Stöðugildi 2018
Skrifstofa	28,5	26,4	22,4
Áfram verkefni/barnavernd	7,7	5	4,6
Þjónusta við aldraða	27,1	23	21
Þjónusta við fatlað fólk	153	142,8	138,7
<b>Samtals</b>	<b>216,3</b>	<b>197,2</b>	<b>186,7</b>

## Mennta- og lýðheilsusvið

Undir mennta- og lýðheilsusvið Hafnarfjarðarkaupstaðar heyra málefni dagforeldra, leikskóla, grunnskóla, íþrótt- og tómstunda, forvarna, lýðheilsu, tónlistarskóla og námsflokka Hafnarfjarðar. Yfirstjórn málefna mennta- og lýðheilsusviðs fer fram í gegnum sviðsskrifstofu hennar. Fjárheimildir sviðsins hækka í heild sinni úr 15,4 milljörðum króna í 16,4 milljarða króna, sem samsvarar 6,5% hækkun á milli ára. Fjárheimild vegna fræðslu- og uppeldismála hækkar um 514 milljónir króna á árinu, eða um 3,8%.

### Fræðslu- og uppeldismál

#### *Sameiginlegur kostnaður*

Áhersla mennta- og lýðheilsusviðs er á að styðja við og efla fjölbreytt skólustarf í leik- og grunnskólum á sem flestum sviðum í Hafnarfirði. Starfsumhverfi skólanna og markvisst starf sem miðar að því að nemendur vaxi og dafni í skapandi umhverfi er jafnan í forgrunni. Þar er einna helst lögð áhersla á að horfa á styrkleika einstaklinga, snemmtæka íhlutun og árangur hvers og eins.

Undanfarin ár hefur verið lögð megináhersla á stuðning við börn og fjölskyldur þeirra í gegnum skóla- og frístundastarf. Þar er horft til umhverfis barnsins og þarfa þess með það fyrir augum að snemmtækt, uppbyggilegt starf hlúi hvað best að frekari vellíðan og árangri svo síður þurfi að grípa til greininga og inngripa á síðari tímum. Samvinna skóla, mennta- og lýðheilsusviðs og fjölskyldu- og barnamálsviðs í gegnum verklag Brúarinnar er þungamiðja þessarar nálgunar. Þrjú skólahverfi af átta hófu vinnuna með starfsfólki af skrifstofum sviðanna tveggja haustið 2018 og bættust tvö hverfi við á haustdögum 2019. Þá var einn starfsmaður ráðinn inn til að sinna verkefninu til viðbótar við þá þrjá sem áður sinntu þróun þess og tengslum milli sviðanna og skólanna. Á haustdögum 2020 er áætlað að allir grunnskólar bæjarins verði komnir inn í verklagið og að í framhaldinu verði fleiri leikskólar teknir inn. Þannig er tryggt samstarf skólaþjónustu, skóla bæjarins og fjölskyldu- og barnamálsviðs. Þessi breyting á verklagi endurspeglast í breyttu vinnulagi og verkferlum í anda lærdómssamfélags, innan sem utan skrifstofu mennta- og lýðheilsusviðs, og meiri áherslu á snemmtæk viðbrögð og forvarnir í víðasta skilningi. Þjónusta og stuðningur við skólana er eitt af mikilvægustu forgangsverkefnum sveitarfélagsins og markmiðið er að minnka álag á starfsfólk og nemendur með áherslu á þverfaglega nálgun sem skilar sér í aukinni vellíðan og árangri.

Lestrarstefnan „Lestur er lífins leikur“ hefur fest sig í sessi, sem og UT-verkefnið, sem er innleiðing á spjaldtölvum, og er þróun starfshátta innan skólanna í takti við það. Þróunarsjóður mun því á nýju fjárhagsári færast að mestu leyti yfir til þjónustu- og þróunarsviðs sem tryggir framgang upplýsinga- og tæknimála í spjaldtölvumálum skólanna. Stöðugildi kennsluráðgjafa (0,5 á hvern skóla) er komið inn í launaáætlanir grunnskólanna og 10% UT-verkefnastjórnun í leikskólana. Ekki verður ráðið í stöðugildi UT-kennslufulltrúa á sviðinu né almenns kennsluráðgjafa að svo stöddu. Áherslur sjóðsins innan

mennta- og lýðheilsusviðs, sem stendur í 23 m. kr., munu því snúa að úrræðum til snemmtækrar íhlutunar, menntastefnugerð, starfsþróun skólastjórnenda sem faglegra leiðtoga og eflingu tólmstunda- og forvarnarmála.

Auk þess að styðja við leik- og grunnskóla bæjarfélagsins sinnir skrifstofa mennta- og lýðheilsusviðs Hafnarfjarðarkaupstaðar einnig forgreiningu á þroskafrávikum og málþroska. Námskeið fyrir foreldra barna með hegðunarvanda eru einnig haldin reglulega yfir árið (PMTO foreldrafærni), sem og kvíðanámskeiðin „Klókir litlir krakkar“ (leikskóli), „Klókir krakkar“ (grunnskóli) og félagsfærni-námskeiðið PEERS. Flest námskeið eru haldin á dagvinnutíma.

Þróunarverkefnið um snemmtæka íhlutun með áherslu á málþroska er einnig í innleiðingu í nokkrum leikskólum bæjarfélagsins og starfsfólk skrifstofunnar stendur annað árið í röð fyrir fræðslu um mikilvægi málþroska fyrir foreldra ungra barna (UB-verkefni). Hlutverk ráðgjafa og skólasálfræðinga hafa undanfarin misseri þróast í takt við þessa vinnu og hluti af starfi þeirra er að standa að námskeiðum og ráðgjöf auk greiningar.

### **Stöðumat fyrir nemendur af erlendum uppruna**

Hafin er innleiðing á nýju fyrirkomulagi við móttöku grunnskólanemenda af erlendum uppruna í Hafnarfirði. Þá framkvæmir starfsfólk skólanna stöðumat fyrir börn með íslensku sem annað tungumál um leið og þau hefja skólagöngu sína. Með stöðumatinu er unnt að kanna námslegan bakgrunn og auðvelda þannig kennurum og skólastjórnendum að skipuleggja nám hvers nemanda út frá styrkleikum hans og þörfum. Markmiðið með fyrirlögn stöðumatsins er m.a. að styrkja nám, líðan og félagslega stöðu barna af erlendum uppruna í grunnskólum. Nú á haustmánuðum verður slíkt stöðumat í fyrsta sinn lagt fyrir nemendur af erlendum uppruna í elstu deildum leikskóla samhliða þýðingu og þróun þess í sveitarfélaginu. Byrjað verður í leikskólanum Vesturkoti. Verkefnið er samvinna Hafnarfjarðar, Árborgar og Reykjanesbæjar.

### **Starfshópar**

Nokkrir starfshópar luku störfum sínum á árinu, samanber hóp um starfsaðstæður í leikskólum, hóp um fæðismál í grunnskólum og hóp um forvarnarmál. Tillögur faghóps um starfsaðstæður í leikskólum hafa að nokkru leyti komið til framkvæmda. Þær eru enn til umræðu og úrvinnslu og verða áfram áherslupættir fræðsluráðs á nýju fjárhagsári. Starfshópur um forvarnir skilaði inn skýrslu á haustmánuðum og hefur fræðsluráð óskað eftir nánari útfærslum á tillögum hópsins. Auk þess er stýrihópur um heilsueflandi samfélag mjög virkur og vinnur að fjölmörgum verkefnum innan Hafnarfjarðar (sjá neðar).

### **Leikskólar og dagvistunarmál**

- Áfram verður aukinn systkinaafsláttur af dvalargjaldi í leikskólum; afsláttur fyrir annað systkini fór úr 50% í 75% og fyrir þriðja systkini úr 75% í 100%.
- Tekjutengdur afsláttur sem aukinn var á árinu helst áfram, með neðra þrep úr 40% í 75% og afsláttarprósenta efra þreps fór úr 20% í 50%.
- Enn er unnið að því að bæta starfsaðstæður í leikskólum, þ.e. tryggja aukið rými barna og að vinnuaðstaða starfsfólks sé viðunandi. Áhersla á vistunartíma og lengd opnunartíma leikskóla eru forgagnsverkefni sviðsins í leikskólamálum.
- Mikilvægt er að skoða innleiðingu nýliða og leiðir til að fjölga enn frekar umsóknum um störf á leikskólum. Í ljósi mikilvægis þess að fjölga fagfólki er brýnt að geta stuðlað að frekari stuðningi við móttöku nýliða, til þess að koma á frekari stöðugleika í starfsmannahaldi leikskólanna.

- Enn frekar verður stutt við starfsmenn leikskóla í réttindanámi til B.Ed.-prófs í leikskólakennarafræðum með afleysingu þegar starfsfólk sækir nám á vinnutíma. Námskostnaður í skólalabru verður áfram greiddur fyrir þá sem vilja sækja sér menntun sem leikskólaliðar.
- Námssamningarnir fyrir starfsfólk hafa verð endurskoðaðir. Starfsfólk sem vill hefja nám í leikskólakennarafræðum og þeir sem eru með annað háskólanám en vilja ná sér í leyfisbréf sem leikskólakennarar fá til þess stuðning sveitarfélagsins. Einnig var bætt í samninginn fyrir þá sem vilja hefja diplómanám til aðstoðarleikskólakennara, auk þess sem áfram verður greiddur námskostnaður fyrir þá sem vilja hefja nám í leikskólalabru Borgarholtsskóla.
- Innritunaráldur barna á leikskóla verður áfram 15 mánuðir en innritun fer fram tvisvar á ári. Nýr leikskóli í Skarðshlíð og samningur við Hjalla gerir mögulegt að halda því viðmiði áfram þrátt fyrir nýja rýmisáætlun sem gerir ráð fyrir auknu rými á hvert barn.
- Níu prósent hækkun, 35 m. kr., er á samningi við Hjalla vegna framlengingar hans og þess að fjölgað er um eina leikskóladeild. Samningurinn er til kominn vegna lægri innritunaráldurs og nýrrar rýmisáætlunar.
- Stöðugildum leikskólakennara vegna lægra innritunaráldurs fjölga um 5 (auk 7 stöðugilda sem eru reiknuð inn í Hjallasamninginn).
- Allar deildir í Skarðshlíðarleikskóla verða teknar til starfa. Þar bætast við 8,5 stöðugildi leikskólakennara.

### **Grunnskólar**

- Hækkun verður á fæðisgjaldi í leik- og grunnskólum um 2,5%, til að mæta gæðakröfum og verðlagshækkunum, samtals 3 m. kr. á árinu.
- Heildarkostnaður ritfangakaupa til grunnskólanemenda lækkar um 9 m. kr. Reynslan hefur sýnt að ofáætlað fjármagn var á fjárhagslið um námsgögn. Útboð haustið 2019 var 21 m. kr. sem leiðir af sér lækkun á þessum lið.
- Ekki er mikil þörf á endurnýjun spjaldtölva. Gert verður ráð fyrir 10 m. kr. til að mæta viðhaldsþörf á árinu 2020 og áhersla lögð á hugbúnaðarkaup og þéttingu nets í skólunum.
- Systkinaafsláttur fæðisgjalda nemenda helst sá sami, þ.e. ekki er greitt fyrir þriðja systkini í mat í grunnskóla.
- Hækkun vegna aukinnar fæðisþjónustu við starfsfólk og nemendur grunnskóla (hafragrautur og ávextir) er 42 m. kr.
- Samningur við Hrafnistu um afnot á sundlaug (með starfsmanni), sem liðkar verulega fyrir skipulagi sundkennslu og aðgengi nemenda í norðurbæ Hafnarfjarðar, verður framlengdur, 4,9 m. kr.

### **Frístundir og tómstundastarf**

- Lagt er til að gjaldskrá mennta- og lýðheilsusviðs hækki ekki nema á einstaka miðum í sund. Lagt er til að hækkunin verði 100 kr., eða úr 600 kr. í 700 kr. Miðað við nágrannasveitarfélögin er verð einstakrar sundferðar enn lægst í Hafnarfirði, ásamt Garðabæ. Tekjuaukning verður um 4,1 m. kr.
- Frítt verður í sund fyrir börn og ungmenni að 18 ára aldri. Tekjutap verður um 2,8 m. kr.
- Stöðugildum hefur fjölgað á frístundaheimilum undanfarin tvö ár. Fleiri börn og frekari stuðningur við nemendur með stuðningsþörf er ástæða aukningarinnar. Hlutfall stöðugilda innan frístundaheimila helst óbreytt milli ára 2019–2020. Fjölgunin verði einungis í takti við nemendafjölda.
- Nýtt frístundaheimili og félagsmiðstöð í Skarðshlíðarskóla kallar á fjölgun stöðugilda um fimm.

- Heildarkostnaður við frístundaakstur verður 40 m. kr. vegna fjölgunar notenda og fleiri stoppistöðva.
- Fleiri börn nýta nú frístundastyrkinn, auk þess sem hann hækkaði um 500 kr. á mánuði á hvert barn. Einnig var aldursviðmið hækkað, þ.e. börn geta nýtt styrkinn allt almanaksárið sem þau ná 18 ára aldri. Nám í tónlistarskóla var einnig tekið inn að fullu. Þessar breytingar kalla á að 165 m. kr. eru áætlaðar í styrkina á árinu 2020 sem er aukning um 52 m.kr. frá fyrra ári.
- Ein af tillögum úr skýrslu starfshóps um forvarnir var lenging á opnun félagsmiðstöðva fram á vor/sumar. Lagt er til að opið verði fram í miðjan júní eða þar til grunnskólarnir fara í sumarfrí. Aukinn launakostnaður vegna þessa um 1 m. kr. hjá grunnskólunum.

### Önnur fræðslustarfsemi

- Unnið er að framkvæmdum við tónlistardeild Skarðshlíðarskóla. Áfram verði samnýttir kennarar sem starfa við Tónlistarskólann við Strandgötu og ekki verður bætt við stöðugildum á árinu 2020 vegna rekstrar útibúsins í Skarðshlíð.
- Starfsemi tæknináms HÍ og fjarnáms HA verði áfram í Menntasetrinu við lækinn.
- Áfram verði lagt til aukafjármagn til stofnana sviðsins til viðhalds og búnaðar. Fjármagnið lækkar úr 35 m. kr. í 20 m.kr.
- Ekki verði að sinni ráðið í stöðu almenns kennsluráðgjafa og UT-kennslufulltrúa á skrifstofu mennta- og lýðheilsusviðs og lækkar launakostnaður vegna þess því um 10 m. kr á ársgrundvelli.

### Rekstraryfirlit:

Fræðsluþjónusta – m. kr.	Áætlun 2020	Áætlun 2019	Ársreikningur 2018
<b>Tekjur:</b>			
Samtals tekjur	1.117	1.030	1.079
<b>Gjöld:</b>			
Laun og launatengd gjöld	9.681	9.306	8.595
Annar rekstrarkostnaður	5.305	5.079	4.876
Samtals gjöld	14.986	14.385	13.471
<b>Rekstrarniðurstaða</b>	<b>(13.869)</b>	<b>(13.355)</b>	<b>(12.392)</b>

**Stöðugildi og starfsmanna- og nemendafjöldi sviðsins og stofnana sem heyra undir það:**

Leikskólar	Fj. stöðu- gilda 2020	Fj. stm. 2020	Fj. nem. 2020	Fj. dval. gilda 2020	Fj. stöðu- gilda 2019	Fj. stm. 2019	Fj. nem. 2019	Fjöldi dval. gilda 2019
111-Álfaberg	24,7	26	85	957,3	22,46	27	85	889,5
112-Norðurberg	29,21	34	102	1.036,7	28,59	31	104	1.092
113-Arnarberg	24,23	26	80	820,5	24,06	26	80	849,1
114-Smáralundur	20,21	22	70	752,7	17,38	21	55	555,9
115-Víðivellir	37,02	43	120	1.291	40,75	38	110	1.140
116-Hvammur	31,78	37	121	1.262	29,11	33	122	1237,4
118-Hlíðarberg	28,5	31	101	1.017	28,3	33	106	1042
119-Vesturkot	26,37	31	84	914	26,29	30	84	904,6
121-Hlíðarendi	22,34	25	84	895	22,71	24	84	940
122-Hörðuvellir	23,14	25	75	716	19,78	21	75	670,9
123-Álfasteinn	25,48	29	77	826	26,87	25	77	849,2
124-Tjarnarás	25,08	29	80	923,7	25,25	31	80	869,4
125-Stekkjars	49,89	53	163	1811	47,72	50	170	1.853,1
126-Hraunvallaskóli	27,85	28	95	1059	25,35	27	94	996,5
129-Bjarkalundur	23,5	26	77	841	24,2	26	80	819,5
0130-Skarðshlíð	20,99	22	72	974				
<b>Samtals:</b>	<b>440,29</b>	<b>487</b>	<b>1486</b>	<b>16.097</b>	<b>408,82</b>	<b>443</b>	<b>1.406</b>	<b>14.709,1</b>

**Fjöldi nemenda, kennslustunda og stöðugilda:**

Grunnskólar	Fjöldi kennslustunda 2020	Fjöldi stg. í kennslu og stjórnun 2020	Fjöldi stg. annarra starfsm. 2020	Fjöldi nem. 2020	Fjöldi kennslustunda 2019	Fjöldi kennslustunda 2018
Lækjarskóli	1.310	51,6	17,2	503	1.443	1.567
Öldutúnskóli	1.412	56,5	14,5	570	1.375	1.354
Víðistaðaskóli og Engidalur	1.707	68,7	21,7	744	1.647	1.613
Setbergsskóli	1.131	43,6	18,8	416	1.152	1.182
Áslandsskóli	1.243	47,3	22,0	514	1.249	1.198
Hvaleyrarskóli	1.073	43,8	16,1	432	1.048	1.164
Hraunvallaskóli	1.935	72,3	29,5	793	2.029	2.045
Skarðshlíð	547	21,9	11,0	216	369	244
Barnaskóli Hjallastefnu						
Nú						
<b>Samtals:</b>	10.450	405,7	150,8	4.188	10.312	10.358

Önnur fræðslustarfsemi / stöðþjónusta	Stg. 2020	Stm. 2020	Stg. 2019	Stm. 2019	Stg. 2018	Stm. 2018
Skólaskrifstofa	5,8	6	6,8	7	8	9
Sérfræðiþjónusta	15,9	16	15,8	16	16	16
Menntasetrið	1	1	1	1	1	1
Tónlistarskóli (ásamt Tónkvísl)	35,6	53	35,7	46	34,3	48
Lúðrasveit Víðistaðaskóla	2	4	2,4	4	2,4	4
<b>Samtals:</b>	60,3	80	61,7	74	61,7	78

## Íþróttta-, tómstunda- og lýðheilsuáætlun

Yfirstjórn málefna mennta- og lýðheilsusviðs fer fram í gegnum skrifstofu hennar. Fjárheimild hækkar um 488 milljónir króna milli ára, eða um 3,2%. Fjárheimild var rúmlega 2 milljarðar árið 2019 en er áætluð 2,5 milljarðar fyrir árið 2020. Vega þar hæst framlög til skíðasvæða höfuðborgarsvæðisins og innri leiga íþróttamannvirkja. Gert er ráð fyrir að launaliður Vinnuskóla Hafnarfjarðar fylgi öðrum launahækkunum í fjárhagsáætlun Hafnarfjarðarkaupstaðar, eða að jafnaði um 5,5%. Árið 2020 fjölga þeim tímum sem yngstu hópum Vinnuskólans, nemendum úr 8. – 10. bekk, standa til boða.

### Hlutfall og fjöldi unglinga

Áætlun um fjölda unglinga í Vinnuskóla Hafnarfjarðar sumarið 2020 og þróun tímakaups án orlofs:

	Fjöldi	Í skólum í Hfj.	Hlutfall (%) unglinga	Tímakaup 2017	Tímakaup 2018	Tímakaup 2019	Tímakaup 2020
8. bekkur	270	407	66%	502	544	555	555
9. bekkur	300	359	84%	568	615	627	711
10. bekkur	150	391	38%	755	819	835	888
<b>Samtals</b>	<b>720</b>	<b>1157</b>	<b>62%</b>				

Tímakaup 2020 er ákveðið út frá kjarasamningum og launatöflum verkalýðsfélagsins Hlífar og Sambands sveitarfélaga.

### Áherslur 2020

- Frítt verði í sund fyrir öll börn að 18 ára aldri. Með þessu er verið að jafna og auka aðgengi barna að sundstöðum bæjarins. Í heilsuáætlun Hafnarfirði verða aukin tækifæri fyrir börn til hreyfingar og félagslegrar þátttöku frá áramótum 2020.
- Knattþúsið Skessan bætist við knattspyrnusvæðin sem úthlutað verður til í gegnum Íþróttabandalag Hafnarfjarðar til æfinga- og keppnishalds fyrir iðkendur í Hafnarfirði. Auk þess munu knattþúsinn Dvergurinn og Risinn, sem núna eru í eigu Hafnarfjarðarbæjar, fara í almenna tímaúthlutun til iðkenda.
- Frístundaakstur er nú fyrir sex til níu ára börn í fyrsta til fjórða bekk. Verkefnið hefur fest sig í sessi og rúmlega 800 börn nýta sér aksturinn í viku hverri og fer hvert þeirra 2,3 ferðir að meðaltali. Ekið er frá öllum grunnskólunum í tónlistarskóla og til allra íþróttta- og tómstundafélaga í Hafnarfirði sem eru með æfingar á dagtíma, kl. 15.00 og 16.00. Með þessu styttest vinnudagur barna, akstur foreldra minnkar og íþróttamannvirki verða enn betur nýtt. Kostnaður er áætlaður 40 milljónir árið 2020.
- Virkir samningar eru milli Hafnarfjarðarkaupstaðar og íþróttta- og tómstundafélaga. Rekstrarsamningar hækka að jafnaði um 3,2% vegna rekstrarhluta en um 5,6% vegna launahluta og þjónustusamningar hækka um 5,6%.
- Tvö ný íþróttafélög hófu starfsemi sína árið 2019, Sambo 80 og Blakfélag Hafnarfjarðar. Stefnt er að því að gera samning við þau fyrir næsta ár sem hljóðar upp á 400.000 kr. framlag fyrir hvort félag. Í kjölfar reynslu næsta árs yrði síðan gerður þjónustusamningur við félögin eins og önnur íþróttafélög.



- Fræðsluráð samþykkti lengingu á opnunartíma félagsmiðstöðva Hafnarfjarðar. Félagsmiðstöðvar hafa verið opnar í 9 mánuði á ári en frá og með vorönn 2020 verða þær opnar þar til skólarnir fara í sumarfrí og fylgja opnun skólans þar eftir.
- Verkefni vegna Heilsubæjarins Hafnarfjarðar tilheyra sviðinu en verkefnin eru þverfagleg og tengjast mörgum sviðum Hafnarfjarðarkaupstaðar. Helstu verkefni sem eru fyrirhuguð árið 2020 eru m.a. fræðslukvöld í Bæjarbíói, fræðsla og forvarnir um geðsjúkdóma, fræðsla gegn rafrettunotkun, ratleikur í upplandinu, merkingar á göngustígum, úttekt á vatnsbrunnum og menningar- og heilsugöngur næsta sumar. Áætlað er að 10 milljónir króna renni í verkefni Heilsubæjarins Hafnarfjarðar.
- Hækkun frístundastyrks um 500 kr. á mánuði kemur inn að fullu árið 2020. Kostnaður við þessa hækkun er áætlaður 2 milljónir kr. á mánuði.
- Rekstur Íþróttahússins við Strandgötu færist yfir til Badmintonfélags Hafnarfjarðar 1. janúar 2020. Fjögur stöðugildi flytjast yfir til Badmintonfélags Hafnarfjarðar. Gerður hefur verið nýr rekstrarsamningur við BH.

Taflan sýnir framlög til íþróttafélaganna á næsta ári og síðustu þriggja ára:

	2017	2018	2019	2019		2020		2020	
				Rekstur	Þjónusta	Matrixa	Samtals	Rekstur	Þjónusta
<b>Fimleikafélag Hafnarfjarðar</b>									
Íþróttamiðstöð Kaplakrika	100.542	<b>101.662</b>	<b>103.446</b>	103.446			125.093	125.093	
Knatthúsið Kaplakrika	9.922	<b>29.038</b>	<b>29.619</b>	29.619			35.000	35.000	
Þjónustusamningur	16.540	<b>17.425</b>	<b>18.122</b>		18.122	VIII	18.750		18.750
Kaplakrikavöllur – Sláttur og umhirða	4.900	<b>4.966</b>	<b>5.165</b>	5.165			5.330	5.330	
	<b>131.904</b>	<b>153.091</b>	<b>156.352</b>	<b>138.230</b>	<b>18.122</b>		<b>184.173</b>	<b>165.423</b>	<b>18.750</b>
<b>Knattspyrnufélagið Haukar</b>									
Íþróttamiðstöð Ásvöllum	90.331	<b>99.541</b>	<b>114.383</b>	114.383			125.828	125.828	
Þjónustusamningur	13.820	<b>14.450</b>	<b>15.028</b>		15.028	VII	15.518		15.518
Íþróttasvæði Ásvöllum – Sláttur og umhirða	4.000	<b>4.054</b>	<b>4.216</b>	4.216			4.351	4.351	
	<b>108.151</b>	<b>118.045</b>	<b>133.627</b>	<b>118.599</b>	<b>15.028</b>		<b>145.697</b>	<b>130.179</b>	<b>15.518</b>
<b>Fimleikafélagið Björk</b>									
Íþróttamiðstöð Bjarkar	30.017	<b>30.419</b>	<b>30.953</b>	30.953			32.426	32.426	
Þjónustusamningur	11.100	<b>11.450</b>	<b>11.908</b>		11.908	VII	15.518		15.518
	<b>41.117</b>	<b>41.869</b>	<b>42.861</b>	<b>30.953</b>	<b>11.908</b>		<b>47.944</b>	<b>32.426</b>	<b>15.518</b>
<b>Badmintonfélag Hafnarfjarðar</b>									
Íþróttahúsið Strandgötu	-	-	-	-	-		41.297	41.297	
Badmintonfélag Hafnarfjarðar	3.900	<b>4.300</b>	<b>4.472</b>		4.472	III	4.600		4.600
	<b>3.900</b>	<b>4.300</b>	<b>4.472</b>	<b>0</b>	<b>4.472</b>		<b>45.897</b>	<b>41.297</b>	<b>4.600</b>
<b>Íþróttabandalag Hafnarfjarðar</b>									
Afreksstyrkir ÍBH	7.000	<b>7.000</b>	<b>13.000</b>		13.000		0		
ÍBH – Skrifstofa	9.000	<b>10.000</b>	<b>10.600</b>		10.600		11.193		11.193
ÍBH – Styrkir	1.559	<b>10.000</b>	<b>10.000</b>		10.000		21.616		21.616
	<b>17.559</b>	<b>27.000</b>	<b>33.600</b>	<b>0</b>	<b>33.600</b>		<b>32.809</b>	<b>0</b>	<b>32.809</b>
<b>Önnur félög</b>									
Golfklúbburinn Keilir	7.342	<b>7.440</b>	<b>7.564</b>	6.524	1.040	II	9.556	6.733	2.823
Hestamannafélagið Sörli	10.900	<b>11.062</b>	<b>12.206</b>	11.166	1.040	II	14.201	11.378	2.823
Siglingaklúbburinn Þytur	6.783	<b>6.874</b>	<b>6.990</b>	5.950	1.040	II	8.963	6.140	2.823
Hamarsvöllur - Sláttur og umhirða	3.816	<b>4.054</b>	<b>4.216</b>	4.216			4.351	4.351	
Skátafélagið Hraunbúar	8.276	<b>8.915</b>	<b>9.062</b>	9.062			9.494	9.494	
Íþróttafélagið Fjörður	1.300	<b>1.500</b>	<b>1.560</b>		1.560		1.571	526	1.045
Sundfélag Hafnarfjarðar	5.400	<b>5.950</b>	<b>5.691</b>		5.691	V	6.377		6.377
Skotíþróttafélag Hafnarfjarðar	400	<b>400</b>	<b>400</b>	400			400	400	
Dansíþróttafélag Hafnarfjarðar	2.400	<b>2.432</b>	<b>2.529</b>		2.529	II	2.823		2.823
Skákfélag Hafnarfjarðar	200	<b>200</b>	<b>200</b>	200			200	200	
Golfklúbburinn Setbergi	820	<b>800</b>	<b>800</b>	800			800	800	
Kvartmiluklúbbur Hafnarfjarðar	400	<b>400</b>	<b>400</b>	400			400	400	
Íþróttafélag Hafnarfjarðar	300	<b>600</b>	<b>600</b>	600			600	600	
Hnefaleikfélag Hafnarfjarðar	3.529	<b>3.664</b>	<b>3.711</b>	2.691	1.020		900	500	400
Bridgefélag Hafnarfjarðar	400	<b>400</b>	<b>400</b>	400			400	400	
Aksturíþróttafélag Hafnarfjarðar	400	<b>400</b>	<b>400</b>	400			400	400	
Brettafélag Hafnarfjarðar	1.560	<b>6.650</b>	<b>6.808</b>	4.052	2.756	III	8.845	4.245	4.600
Bogfímifélagið Hrói Höttur							400	400	
Bláfjallasvæði	31.576	<b>34.121</b>	<b>36.272</b>	34.272	2.000		138.113	27.113	111.000
Sambo80							400	400	
Blakfélag Hafnarfjarðar							400	400	
	<b>85.802</b>	<b>95.862</b>	<b>99.809</b>	<b>81.133</b>	<b>18.676</b>		<b>209.594</b>	<b>74.880</b>	<b>134.714</b>
Samtals	<b>392.333</b>	<b>444.467</b>	<b>475.193</b>	<b>368.914</b>	<b>106.278</b>		<b>666.114</b>	<b>444.205</b>	<b>221.909</b>

## Rekstraryfirlit:

Íþróttta-, tómsstunda og lýðheilsuáætlun - m. kr.	Áætlun 2020	Áætlun 2019	Ársreikningur 2018
<b>Tekjur:</b>			
Samtals tekjur	621	593	557
<b>Gjöld:</b>			
Laun og launatengd gjöld	817	803	744
Annar rekstrarkostnaður	2.323	1.821	1682
Samtals gjöld	3.140	2.624	2.426
<b>Rekstrarniðurstaða</b>	<b>(2.519)</b>	<b>(2.031)</b>	<b>(1.869)</b>

## Eftirfarandi tafla sýnir fjölda stöðugilda og starfsmanna:

Íþróttta-, tómsstunda og lýðheilsuáætlun	Fjöldi stöðugilda 2020	Fjöldi starfsmanna 2020	Fjöldi barna	Fjöldi stöðugilda 2019	Fjöldi starfsmanna 2019	Fjöldi barna
Skrifstofa æskulýðsmála	3	3	-	3	3	-
Frístundaheimilið Lækjarsel	5,4	14	108	6	13	100
Frístundaheimilið Selið	8,9	15	166	7,71	15	151
Frístundaheimilið Hraunkot	8,9	14	103	7,86	12	89
Frístundaheimilið Álfakot	8,7	18	93	8,13	13	91
Frístundaheimilið Krakkaberg	9,6	18	120	9,01	13	126
Frístundaheimilið Tröllheimar	9,8	20	121	9,13	15	109
Frístundaheimilið Holtasel	6,7	12	97	5,29	10	95
Frístundaheimilið Hraunsel	8,9	19	114	8,1	19	111
Frístundaheimilið Skarðssel	4,8	10	76	5,8	11	76
Félagsmiðstöðin Músik og mótor	1,2	3	-	1,2	3	-
Félagsmiðstöðin Vitinn	2	7	-	2,75	7	-
Félagsmiðstöðin Aldan	2	7	-	2,75	7	-
Félagsmiðstöðin Hraunið	2,35	9	-	3,6	8	-
Félagsmiðstöðin Setrið	2	7	-	2,75	7	-
Félagsmiðstöðin Ásinn	2	8	-	2,75	7	-
Félagsmiðstöðin Verið	2	7	-	2,75	7	-
Félagsmiðstöðin Mosinn	2	8	-	2,75	7	-
Félagsmiðstöðin Skarðið	1,65	5	-	1,65	5	-
Ungmennahúsið Hamarinn	2	3	-	2	3	-
<b>Samtals félagsmiðstöðvar og frístundaheimili</b>	<b>93,9</b>	<b>207</b>		<b>94,98</b>	<b>164</b>	
Suðurbæjarlaug	11,5	19	-	11,5	19	-
Sundhöll Hafnarfjarðar	5,5	6	-	5,4	6	-
Ásvallalaug	18,8	28	-	18,8	28	-
<b>Samtals sundlaugar</b>	<b>35,8</b>	<b>53</b>		<b>35,7</b>	<b>53</b>	

Skrifstofa æskulýðsmála helst óbreytt milli ára. Stöðugildi frístundaheimila breytast í takt við fjölgun barna. Fjöldi barna á frístundaheimili hefur aukist jafnt og þétt með árunum, eða að jafnaði um 50 börn samanlagt milli ára. Í upphafi skólaárs 2017 voru 868 börn í frístundaheimilum Hafnarfjarðar, árið 2018 voru þau 948 og nú árið 2019 eru þau 998. Félagsmiðstöðvar Hafnarfjarðar eru allar opnar eins og því reknar á sama grunni óháð nemendafjölda. Stöðugildi sundlauga haldast óbreytt milli ára.

## Menningarmál

Menningarmál heyra undir þjónustu- og þróunarsvið og heyra forstöðumenn Byggðasafns, Bókasafns og Hafnarborgar því undir sviðsstjóra þjónustu- og þróunarsviðs. Verkefnastjóri á þjónustu- og þróunarsviði hefur umsjón með Jólaborpi,viðburðum og menningarmálum öðrum en þeim sem forstöðumenn Byggðasafns, Bókasafns og Hafnarborgar hafa umsjón með. Hátíðarhöld á 17. júní eru í umsjón mennta- og lýðheilsusviðs. Til menningarmála er varið um 492 milljónum króna og er þá framlag til Byggðasafns, Bókasafns og Hafnarborgar meðtalið. Unnið er að endurnýjun samnings við Gaflaraleikhúsið en hann rennur út um áramótin. Gerður var samningur við Leikfélag Hafnarfjarðar um að félagið hafi endurgjaldslaus afnot af Kapellunni í St. Jó. til júlí 2020. Kostnaður vegna Bæjarbíós er einkum innri húsaleiga og hiti og rafmagn, eða alls um 10,5 milljónir króna. Styrkir til menningarmála sem menningar- og ferðamálanefnd úthlutar eru óbreyttir á milli ára, 12,5 milljónir króna, en árið áður voru þeir hækkaðir um þrjár milljónir króna en að auki eru lagðar til 1,5 milljónir króna vegna bæjarlistamanns, sem er óbreytt milli ára. Framlag vegna höggmyndagarðs er óbreytt, eða um þrjár milljónir króna. Framlag vegna ýmissa hátíða er hækkað um 2 milljónir króna, úr 3,6 milljónum króna í 5,6 milljónir króna, og til Jólaborpsins fara 14 milljónir króna, sem er aukning um 2 milljónir en umfang viðburða hefur aukist umtalsvert milli ára sem og aðkeyptur kostnaður vegna þeirra. Einnig eru auknar kröfur um að stækka viðburði eins og Jólaborpið.

### Rekstraryfirlit:

Menningarmál – m. kr.	Áætlun 2020	Áætlun 2019	Ársreikningur 2018
<b>Tekjur:</b>			
Samtals tekjur	23	20	29
<b>Gjöld:</b>			
Laun og launatengd gjöld	224	226	205
Annar rekstrarkostnaður	291	274	253
Samtals gjöld	515	500	458
<b>Rekstrarniðurstaða</b>	<b>(492)</b>	<b>(480)</b>	<b>(429)</b>

### Atvinnumál

Unnið er að endurskoðun á hlutverki Markaðsstofu Hafnarfjarðar (MsH) og fylgja á úr hlaði hugmyndum sem fram koma í skýrslu Manhattan Marketing, Markaðsstefnumótun og aðgerðaráætlun fyrir Hafnarfjörð sem kom út sl. sumar. Framlag Hafnarfjarðarbæjar til MsH verður tæpar 11 milljónir króna árið 2020. Gert er ráð fyrir að hluti af verkefnum MsH á sviði markaðs- og ferðamála flytjist til þjónustu- og þróunarsviðs og að fjárveiting til þeirra verkefna verði kr. 5 millj.

Lífsgæðasetur St. Jó. er samfélag sem býður upp á forvarnir, heilsuvernd snemmtæka íhlutun, fræðslu og skapandi setur. Framkvæmdir við endurbætur á húsinu hafa staðið yfir allt þetta ár. Lífsgæðasetrið var opnað 5. september sl., á 93 ára afmæli hússins, með því að 2. hæð var tekin í notkun og eru komnir leigutakar í öll rými þar. Fjölbreyttur hópur rekstraraðila er í húsinu sem eiga það sameiginlegt að auka lífsgæði fólks með einum eða öðrum hætti. Verkefnastjóri Lífsgæðaseturs St. Jó. er í hálfu stöðugildi og hefur aðstöðu í St. Jó. Áætlaðar tekjur eru kr. 15,1 milljón króna. Rekstarkostnaður vegna 2. hæðar er áætlaður kr. 13 millj.

## Rekstraryfirlit:

Atvinnu- og ferðamál – m. kr.	Áætlun 2020	Áætlun 2019	Ársreikningur 2018
<b>Tekjur:</b>			
Samtals tekjur	15	13	1
<b>Gjöld:</b>			
Laun og launatengd gjöld	6	6	0
Annar rekstrarkostnaður	50	62	32
Samtals gjöld	56	68	32
<b>Rekstrarniðurstaða</b>	<b>(41)</b>	<b>(55)</b>	<b>(31)</b>

## Bókasafn

Bókasafn Hafnarfjarðar er þekkingarveita og fræðslustofnun sem heldur uppi virkri og fjölbættri bókasafns- og upplýsingaþjónustu. Safnið rækir hlutverk sitt með því að jafna aðgengi að menningu og þekkingu og veita óheftan aðgang að upplýsingum og afþreyingu án tillits til forms eða framsetningar. Áhersla er lögð á að safnkostur endurspegli sem flest sjónarmið og að félagsleg ábyrgð safnsins felist í því að veita öllum bæjarbúum aðgengi að fjölbreyttu safnefni og upplýsingum svo þeir geti á upplýstan hátt tekið ákvarðanir um margvísleg álitamál.

## Meginmarkmið og gildi

- Að safnið sé aðgengilegt öllum bæjarbúum og hluti af daglegu lífi þeirra.
- Að starfsemin einkennist af víðsýni og virðingu gagnvart fólki af ólíkum uppruna og stöðu. Að friðhelgi, fagmennska, fjölbreytni og þjónustulund séu hornsteinar starfseminnar.
- Að safnið veiti aðgang að fjölbreyttu safnefni og upplýsingum á mismunandi formi og eflí þannig menningarstarfsemi, menntun, símenntun, atvinnulíf, íslenska tungu, ánægjulestur og upplýsingalæsi.
- Að starfsfólk tileinki sér nýjungar á sviði bókasafns- og upplýsingaþjónustu og skipi sér í framvarðarsveit íslenskra almenningsbókasafna með jákvæðri, markvissri og öflugri þjónustu.
- Að fjölbreytt viðburðahald beri jafnan keim af og endurspegli þjóðfélag í gerjun.
- Að safnfræðsla og sögustundir og heimsóknir í safnið nái til nemenda á öllum skólastigum og heimsókn sé eftirsóknarverður valkostur sem styrki framþróun í skólastarfi.
- Að safnið sé virkur þátttakandi samvinnu bókasafna nágrannasveitarfélaga og í faglegu þróunarstarfi almenningsbókasafna á landsvísu.

Safnkostur er um 134 þúsund eintök og árlega eru lánuð 194 þúsund eintök til þeirra 122 þúsund gesta er heimsækja safnið. Útlán nema því um 6,5 eintökum á hvern bæjarbúa. Fjárhagsáætlun gerir ráð fyrir sértekjum að fjárhæð 10 milljónir króna. Árgjald verður óbreytt, 2.000 kr. Árið 2020 munu starfsmenn Hafnarfjarðarbæjar fá frítt lánþegakort, markmiðið er enda að ná til fleiri bæjarbúa og efla ímynd og þjónustu safnsins. Áætlað er að sú aðgerð hafi lítil áhrif á tekjur safnsins.

Stöðugildi eru 14,5 en starfsmenn eru 17. Auk þess starfa sex tímavinnustarfsmenn hjá safninu. Nýr forstöðumaður tekur til starfa í nóvember 2019. Öll starfsemi safnsins fer fram á Strandgötu 1. Stærstu

kostnaðarliðir eru innri húsaleiga, hiti, rafmagn, netþjónusta, sími, rekstur öryggiskerfa, ræsting o.fl. Unnið verður að því bæta vinnuástandi starfsmanna og upplifun gesta með endurnýjun húsgagna og breyttu skipulagi. Afgreiðslutími safnsins verður til endurskoðunar árið 2020.

Unnið verður að enn fjölbreyttara viðburðahaldi bókasafnsins, s.s. með teiknimyndasmiðjum og ritsmiðjum, barnaviðburðum á laugardögum o.fl. Áfram verður unnið að sameiginlegri skipulagningu og markaðssetningu viðburða menningarstofnana miðbæjarins. Safnið tekur af fullum krafti þátt í sameiginlegum viðburðum bæjarins; Björtum dögum, Bóka- og bíóhátíð, Safnanótt, bókmenntagöngum o.fl. Hafinn verður undirbúningur fyrir 100 ára afmæli safnsins árið 2022.

Unnið verður að því að auka þjónustu við nýbúa og hælisleitendur og hlúa vel að þeirri starfsemi sem fyrir er í safninu, t.d. þýska og pólska starfinu ásamt öðrum fjölmennningarlegum verkefnum. Áfram verður, í góðri samvinnu við Rauða krossinn, stutt við námsaðstoðina Heilahristing, og unnið með starfsfólki bæjarins sem starfar að fjölmennningarlegum verkefnum.

### Rekstraryfirlit:

Bókasafn – m. kr.	Áætlun 2020	Áætlun 2019	Ársreikningur 2018
<b>Tekjur:</b>			
Samtals tekjur	10	8	11
<b>Gjöld:</b>			
Laun og launatengd gjöld	134	132	123
Annar rekstrarkostnaður	85	81	68
Samtals gjöld	219	213	191
<b>Rekstrarniðurstaða</b>	<b>(209)</b>	<b>(205)</b>	<b>(180)</b>

### Byggðasafn

Fjárhagsáætlun Byggðasafns Hafnarfjarðar fyrir árið 2020 hljóðar upp á 80 milljónir króna. Geymsluhúsnæði safnsins er aukið um 85 m<sup>2</sup> með því að taka á leigu meira rými í núverandi geymsluhúsnæði. Áætlunin skiptist í grófum dráttum þannig að launakostnaður er áætlaður 35 milljónir króna og rekstrarkostnaður fasteigna 30 milljónir króna. Stærstu liðir þessa kostnaðar eru innri húsaleiga, hiti, rafmagn, netþjónusta, sími, rekstur öryggiskerfa, ræsting o.s.frv. Kostnaður sem snýr að faglegu starfi safnsins og miðlunarhlutverki þess nemur um 10 milljónum króna. Föst stöðugildi á safninu eru 3 en að auki eru á safninu þrjár 75% stöður í þrjá mánuði á ári við yfirsetu yfir sumarið og stöður yfirsetufólks sem situr yfir sýningum um helgar, aðallega á sumrin en einnig yfir vetrarmánuðina. Byggðasafnið heldur að jafnaði úti níu sýningum í sex húsum ár hvert og þar af eru tvær nýjar sýningar settar upp á ári. Eldri sýningar eru uppfærðar og lagfærðar að nokkru marki ár hvert. Áfram verður unnið að eðlilegu viðhaldi og þróun fastasýninga safnsins í Pakkhúsinu, Siggubæ, Sívertsens-húsinu, Bungalowinu, Góðtemplarahúsinu og Beggubúð. Safnið stendur fyrir viðburðum af ýmsu tagi, svo sem sögu- og minjagöngum, fyrirlestraröð, jóladagskrá o.fl. Safnið er einnig þátttakandi í viðburðum eins og Safnanótt, Björtum dögum, Íslenska safnadeginum, menningargöngum, Jólaborpinu, jóladagskrá fyrir leikskóla o.fl.

## Rekstraryfirlit:

Byggðasafn – m. kr.	Áætlun 2020	Áætlun 2019	Ársreikningur 2018
<b>Tekjur:</b>			
Samtals tekjur	1	1	3
<b>Gjöld:</b>			
Laun og launatengd gjöld	35	35	33
Annar rekstrarkostnaður	46	40	40
Samtals gjöld	81	75	73
<b>Rekstrarniðurstaða</b>	<b>(80)</b>	<b>(74)</b>	<b>(70)</b>

### Hafnarborg

Gert er ráð fyrir sértekjum að upphæð 11 milljónir króna. Á safninu eru að jafnaði 3,7 stöðugildi. Þar er ein 60% staða afgreiðslufulltrúa, 50% staða umsjónarmanns fasteigna/tæknimanns og 1,6 stöður safnfulltrúa sem tveir starfsmenn hafa skipt með sér. Forstöðumaður er í 100% starfi. Auk þess er tímavinnufólk á föstum vöktum í afgreiðslu um helgar og tæknimenn sem vinna við uppsetningu sýninga. Fæðingarorlof og uppsöfnuð sumarleyfi hafa gert það að verkum að stöðugildi verða tímabundið fleiri bæði árið 2019 og árið 2020.

Rekstrarkostnaður fasteigna Hafnarborgar er samkvæmt þessari áætlun ríflega 52 milljónir króna, en öll starfsemi Hafnarborgar fer fram í húseigninni Strandgötu 34. Í þessari áætlun er gert ráð fyrir breytingu á því þar sem fjargeymsluhúsnæði verður tekið á leigu. Geymslur safnsins eru nú í kjallara hússins, sýningarsalir og veitingaaðstaða á fyrstu og annarri hæð og skrifstofur auk listamannaíbúðar á annarri hæð og í risi. Stærstu liðir þessa kostnaðar eru innri húsaleiga, hiti, rafmagn, netþjónusta, sími, rekstur öryggiskerfa, ræsting o.s.frv. Eftir því sem húsið eldist hefur viðhaldspörf aukist, t.d. vegna öryggiskerfa, lyftu, lýsingar og loftræstikerfa. Kostnaður við kaup á búnaði er 450 þúsund krónur skv. áætlun og hefur verið svo um langan tíma. Sú upphæð hefur dugað fyrir smávægilegum uppfærslum á búnaði. Stöðugt er unnið að endurnýjun tækjabúnaðar, sérstaklega til sýninga á stafrænu efni. Nauðsynlegt er að búnaður safnsins mæti þeim kröfum sem gerðar eru af listamönnum. Líða fer að því að kaupa þurfi til stofnunarinnar nýja skjávarpa sem standast kröfur samtímans. Nauðsynlegt verður að gera ráð fyrir auknum kostnaði við tækjakaup í náinni framtíð.

Kostnaður sem snýr að faglegu starfi safnsins, hvers konar listrænni starfsemi og miðlunarhlutverki þess er samkvæmt þessari áætlun ríflega 22 milljónir króna, eða um 18% af rekstrarkostnaði safnsins. Helstu kostnaðarliðir eru sýningargerð, útgáfa og viðburðir. Gert er ráð fyrir uppsetningu tíu sýninga á næsta ári með tilheyrandi dagskrá við hverja þeirra, leiðsögnum listamanna og sýningarstjóra, málþingum, fjölskyldusmiðjum og fleiru. Framleiðslukostnaður sýninga hefur aukist ár frá ári, faglegar kröfur eru meiri og metnaður safnsins eykst. Lögð er áhersla á að ekki verði dregið úr framlögum til sýninga eða annars faglegs starfs milli árána 2019 og 2020. Undanfarin tvö ár hafa myndlistarmenn verið tilnefndir til íslensku myndlistarverðlaunanna fyrir sýningar í Hafnarborg, en það sýnir að sá metnaður og sú vinna sem lögð er í starfsemina skilar sér. Það er mikilvægt að halda áfram á sömu braut. Samtals voru 8,4 milljónir áætlaðar í aðkeypta vinnu án vsk. á árinu 2019. Markmiðið er að standa fyrir fleiri viðburðum fyrir börn og fjölskyldur í safninu, halda áfram blómlegu tónlistarstarfi og gæta þess að listamenn fái ávallt greidda þóknun fyrir störf sín sem er í samræmi við samninga.

Listamenn fengu greitt fyrir þátttöku í sýningum á árinu 2019 í samræmi við verklagsreglur Hafnarborgar sem staðfestar hafa verið af Sambandi íslenskra myndlistamanna, samtals um 5 milljónir í þóknun fyrir þátttöku í sýningum og vinnu við uppsetningu. Vinna sýningarstjóra var í þremur tilvikum aðkeypt eins og á árinu 2019. Gert er ráð fyrir að greiða þurfi laun sýningarstjóra vegna fjögurra sýninga á árinu 2020 og þóknun til samtals um 17 – 20 listamanna.

Hafnarborg stendur fyrir veglegri tónleikadagskrá á árinu. Næsta haust hefst 17. starfsár hádegistónleika í Hafnarborg. Tónleikarnir eru á dagskrá yfir vetrarmánuðina fyrsta þriðjudag í mánuði og hafa verið ákaflega vel sóttir, einkum af eldri borgurum í Hafnarfirði og nágrenni. Þar er flutt óperutónlist af fremsta listafólki landsins á því sviði. Beinn launakostnaður vegna tónleikanna er 1,2 milljónir. Tvisvar sinnum á ári eru síðan tónleikar undir heitinu Hljóðön, þar sem framsækinni tónlist eru gerð skil. Á tónleikaröðin 6 ára afmæli á þessu starfsári. Þá er gert ráð fyrir þátttöku í ýmsum viðburðum, svo sem Safnanótt, Björtum dögum, 17. júní, jóladagskrá o.s.frv. Aðsókn að þessum viðburðum hefur aukist milli ára og gengur samstarf milli stofnana vel. Talsverður kostnaður fylgir þátttöku í þessum viðburðum, fyrst og fremst vegna launa og leigu á tækjabúnaði. Á árinu 2019 gekk Hafnarborg til liðs við verkefnið Heilsubærinn Hafnarfjörður og mun í starfsemi sinni leggja áherslu á hlut menningarþátttöku í andlegri heilsu.

Kostnaður er snýr að faglegu safnastarfi, varðveislu og viðhaldi safneignar er áfram 600 þúsund krónur sem gerir það að verkum að hægt er að halda áfram vinnu við að koma fleiri verkum í sýningarhæft ástand. Verkið Japanskt ljóð, sem safnið eignaðist á árinu 2019, bíður nú viðgerðar á árinu 2020 og má gera ráð fyrir að sú viðgerð kosti allt að 400.000 kr. Annar kostnaður við rekstur safnsins er ríflega 3 milljónir króna og vegur þar þyngst kostnaður við auglýsingar og kostnaður vegna aðildar safnsins að Sarpi en aðildargjöld að honum hækka samkvæmt vísitölu og gert er ráð fyrir þeirri hækkun í fjárhagsáætlun.

#### Rekstraryfirlit:

Hafnarborg – m. kr.	Áætlun 2020	Áætlun 2019	Ársreikningur 2018
<b>Tekjur:</b>			
Samtals tekjur	11	10	13
<b>Gjöld:</b>			
Laun og launatengd gjöld	48	47	41
Annar rekstrarkostnaður	86	84	81
Samtals gjöld	134	131	122
<b>Rekstrarniðurstaða</b>	<b>(123)</b>	<b>(121)</b>	<b>(109)</b>

#### Mannauður:

Meningarmál	Fjöldi stöðugilda 2020	Fjöldi starfsm. 2020	Fjöldi stöðugilda 2019	Fjöldi starfsm. 2019	Fjöldi stöðugilda 2018	Fjöldi starfsm. 2018
Bókasafn	14,5	17	14,5	17	14,5	17
Byggðasafn	3,4	7	3,4	7	3,4	7
Hafnarborg	5,2	9	4,7	9	4,7	9
<b>Samtals</b>	<b>23,1</b>	<b>33</b>	<b>22,6</b>	<b>33</b>	<b>22,6</b>	<b>33</b>



## Brunamál og almannavarnir

Á málaflokkinn er áætlað framlag til Slökkviliðs höfuðborgarsvæðisins bs. um 224,8 milljónir króna og til Björgunarsveitar Hafnarfjarðar um 22,2 milljónir króna, en hluti af því er í formi niðurgreiðslu fasteignagjalda. Framlag til Slökkviliðsins hækkar um 3% frá árinu 2019.

### Rekstraryfirlit:

Brunamál og almannavarnir – m. kr.	Áætlun 2020	Áætlun 2019	Ársreikningur 2018
<b>Tekjur:</b>			
Samtals tekjur	0	0	0
<b>Gjöld:</b>			
Laun og launatengd gjöld	0	0	0
Annar rekstrarkostnaður	247	240	231
Samtals gjöld	247	240	231
<b>Rekstrarniðurstaða</b>	<b>(247)</b>	<b>(240)</b>	<b>(231)</b>

## Hreinlætismál

Hafnarfjarðarkaupstaður er aðili að Sorpu bs., sem hefur þann tilgang að annast meðhöndlun úrgangs fyrir sveitarfélögin. Kubbur ehf. annast sorphirðu frá heimilum í sveitarfélaginu og var verkið boðið út árið 2013 til átta ára. Við heimili er tekið bæði blandað heimilissorp, plast og pappír. Aukin var tíðni á söfnun pappírs frá heimilum á árinu 2019, úr 4 vikum í 3 vikur. Framlag til Sorpu hækkar um 18 milljónir króna, eða um 11%, og sorphirða heimilissorps og eyðing um 14 milljónir króna, eða um 3%. Í sveitarfélaginu eru reknar sjö grenndargámastöðvar. Einnig er í sveitarfélaginu endurvinnslustöð Sorpu á Breiðhelli og er þar tekið á móti öllum flokkum úrgangs. Framlög til hreinlætismála eru vegna heilbrigðiseftirlits og sorps. Gert er ráð fyrir að innheimt sorphirðugjöld standi undir kostnaði við sorphreinsun, flokkun og eyðingu. Áætlað er að fjármagn til Heilbrigðiseftirlits hækki um 5 milljónir króna.

### Rekstraryfirlit:

Hreinlætismál – m. kr.	Áætlun 2020	Áætlun 2019	Ársreikningur 2018
<b>Tekjur:</b>			
Samtals tekjur	482	446	406
<b>Gjöld:</b>			
Laun og launatengd gjöld	0	0	0
Annar rekstrarkostnaður	504	463	391
Samtals gjöld	504	463	391
<b>Rekstrarniðurstaða</b>	<b>(22)</b>	<b>(17)</b>	<b>(15)</b>

## Skipulags- og byggingarmál

Fjárheimildir til fjárfestinga í skipulags- og byggingarmálum eru óbreyttar frá fyrra ári og verða 70 milljónir króna á árinu 2020. Stefnt er að því að ljúka endurskoðun á aðalskipulagi Hafnarfjarðar. Við þá endurskoðun mun megináhersla verða lögð á samræmingu við hugmyndir um þéttingu byggðar, bættar almenningsgamöngur og breytta landnotkun sem af því leiðir, enduruppbyggingu á eldri iðnaðar- og athafnasvæðum og sjálfbærni.

Skipulagsvinna við ramma- og deiliskipulag við Hamranes, sem hófst á síðasta ári, mun halda áfram. Þar verður gert ráð fyrir blandaðri íbúðabyggð og þjónustustarfsemi. Jafnframt verður boðið upp á svo kallaða þróunarreiði, þar sem framkvæmda- og hagsmunaaðilar koma í upphafi að skipulagsferlinu og þróun byggðar. Með tilkomu Ásvallabrautar og Kaldárselsvegjar opnast möguleikar á áframhaldandi vinnu við og þróun byggðar í Vatnshlíðar- og Áslandshverfi (4.–5. áfanga). Þó ber að geta þess að staða mála vegna breytinga á flutningskerfi Landsnets kann að hafa áhrif á þá vinnu. Stefnt er að því að lóðir í Hamranesi verði byggingarhæfar snemma á árinu 2020. Breytingum á deiliskipulagi í Hellnahrauni, 3. áfanga, verður lokið í upphafi árs 2020. Jafnframt þarf að hefja vinnu og undirbúning á deiliskipulagi nýrra iðnaðar- og athafnasvæða. Skortur er á góðum iðnaðar- og athafnalóðum á höfuðborgarsvæðinu sem tengjast vel umferðaræðum og hafnarsvæði.

Rammaskipulagi Flensborgarhafnar verður lokið á árinu. Þar er gert ráð fyrir talsverðum breytingum á svæðinu næst Flensborgarhöfn og verulega bættum tengingum við miðbæ Hafnarfjarðar. Þessu fylgir talsverð skipulagsvinna sem lýtur að endurskoðun aðalskipulags Hafnarfjarðar, deiliskipulagi nýrra reita og endurskoðun á aðliggjandi gildandi deiliskipulögum er ná til og tengjast hafnarsvæðinu. Vinna við endurskoðun á deiliskipulagi miðbæjarins frá 2001 er hafin. Fyrir liggur húsakönnun og úttekt á vægi gildandi skilmála. Hugmyndavinna liggur fyrir. Starfandi er vinnuhópur sem tekur mið af þeirri hugmyndavinnu og væntanlegri markmiðasetningu. Í þessari vinnu er stefnt að því að tengja þessi tvö svæði betur saman frá bæði umferðartæknilegu og atvinnu- og þjónustusjónarmiði. Þá þarf að taka á umferðar- og bílastæðamálum miðbæjarins og jafnframt auka öryggi hjólandi sem og gangandi vegfarenda.

Deiliskipulagsvinna Vesturbæjar, þar sem unnið er út frá sjónarmiðum um verndarsvæði í byggð, verður lokið á árinu 2020. Frá sjónarmiðum um bættar almenningssamgöngur þarf að liggja fyrir ákvörðun um Reykjavíkurveg og svæði umhverfis hann bæði í endurskoðuðu aðalskipulagi Hafnarfjarðar og deiliskipulagi Vesturbæjar. Markmið deiliskipulags Vesturbæjar er að styrkja og tryggja að eldri byggð Hafnarfjarðar haldi sérkennum sínum og auki á hróður Hafnarfjarðar sem bæjarins í hrauninu sem jafnframt bjóði upp á góðar almenningssamgöngur. Haldið verður áfram vinnu við deiliskipulagsgerð einstakra reita sem meðal annars er getið í skýrslu þéttingarhóps.

Drög að rammaskipulagi Hraun – Vestur voru samþykkt á vormánuðum 2018. Gert er ráð fyrir verulegri breytingu á þessu svæði á næstu árum. Samþykkt hefur verið deiliskipulag fyrir einn reit á svæðinu sem tekur mið af rammaskipulaginu frá 2018. Vinna er hafin við deiliskipulag á öðrum reitum svæðisins. Lögð er áhersla á aukið byggingarmagn, bættar umferðartengingar og almenningssamgöngur. Gert er ráð fyrir að framkvæmdir í samræmi við nýtt deiliskipulag á svæðinu Hraun – Vestur hefjist á árinu 2020.

Mikil ásókn hefur verið í breytingar og endurnýtingu þess svæðis sem hér er nefnt Hraun – Austur og hefur byggðin þar verið að þróast með sambærilegum hætti og á svæðinu Hraun – Vestur. Ekkert eiginlegt heildardeiliskipulag liggur fyrir. Hefja þarf vinnu við nýtt deiliskipulag fyrir svæðið í kjölfar endurskoðunar á aðalskipulagi Hafnarfjarðar. Taka þarf deiliskipulag í eldri hverfum Hafnarfjarðar til endurskoðunar, m.a. vegna breytinga sem orðið hafa á laga- og regluverki er lýtur að byggingar- og skipulagsmálum. Breytingar á samfélagsgerð og lifnaðarháttum kalla jafnframt á slíka endurskoðun.

**Rekstraryfirlit:**

Skipulags- og byggingarmál – m. kr.	Áætlun 2020	Áætlun 2019	Ársreikningur 2018
<b>Tekjur:</b>			
Samtals tekjur	59	56	136
<b>Gjöld:</b>			
Laun og launatengd gjöld	113	110	101
Annar rekstrarkostnaður	76	56	71
Samtals gjöld	189	166	172
<b>Rekstrarniðurstaða</b>	<b>(130)</b>	<b>(110)</b>	<b>(36)</b>

**Umferðar- og samgöngumál**

Framlag til umferðar- og samgöngumála hækkar um 90 milljónir króna á milli ára. Innri leiga gatnakerfisins hækkar um tæpar 42 milljónir króna og framlag til almenningssamgangna, það er Strætó, um 47 milljónir króna, eða 13%. Á næsta ári verður tekið í notkun nýtt innanbæjarleiðakerfi auk þess sem leið 21 mun hefja akstur frá Háholti.

**Rekstraryfirlit:**

Umferðar- og samgöngumál – m. kr.	Áætlun 2020	Áætlun 2019	Ársreikningur 2018
<b>Tekjur:</b>			
Samtals tekjur	0	0	0
<b>Gjöld:</b>			
Laun og launatengd gjöld	0	0	0
Annar rekstrarkostnaður	1.043	953	912
Samtals gjöld	1.043	953	912
<b>Rekstrarniðurstaða</b>	<b>(1.043)</b>	<b>(953)</b>	<b>(912)</b>

**Umhverfismál**

Reiknuð hlutdeild umhverfismála í rekstri er vegna opinna svæða og hækkar um 22 milljónir króna vegna aukins viðhalds og endurbóta á opnum leikvöllum.

**Rekstraryfirlit:**

Umhverfismál – m. kr.	Áætlun 2020	Áætlun 2019	Ársreikningur 2018
<b>Tekjur:</b>			
Samtals tekjur	0	0	0
<b>Gjöld:</b>			
Laun og launatengd gjöld	0	0	0
Annar rekstrarkostnaður	168	146	142
Samtals gjöld	168	146	142
<b>Rekstrarniðurstaða</b>	<b>(168)</b>	<b>(146)</b>	<b>(142)</b>

## Sameiginlegur kostnaður

Í kjölfar stjórnsýsluúttektar var samþykkt í bæjarstjórn að stjórnsýslusvið skiptist framvegis í stjórnsýslusvið, fjármálasvið og þjónustu- og þróunarsvið. Þjónustuver, samskiptamál, menningar- og markaðsmál og tölvudeild, nú þróunar- og tölvudeild, heyra framvegis undir þjónustu- og þróunarsvið, sem og menningarstofnanir. Lífsgæðasetur St. Jó. heyrir undir stjórnsýslusvið.

Kostnaður vegna mannauðsmála er nánast óbreyttur milli ára. Stjórnendum Hafnarfjarðar-kaupstaðar verður áfram boðið upp á stjórnendaþjálfun. Vinnustaðagreining verður lögð fyrir alla starfsmenn bæjarins. Áfram verður gert ráð fyrir að veittar verði starfsaldurs- viðurkenningar og jólagjafir gefnar. Líkamsræktarstyrkir verða til starfsmanna og boðið verður upp á flensusprautu. Þeim sem láta af störfum vegna aldurs verður boðið starfslokanámskeið.

Verkefni nýs þjónustu- og þróunarsviðs snúa ekki síst að stafrænum umbreytingum sem fela í sér breytingar á þjónustuferlum, að gera þjónustu bæjarins skilvirkari, auka sjálfvirkni og stytta afgreiðslu erinda og fyrirspurna sem bænum berast. Markmiðið er að koma einnig betur til móts við nýbúa og aðra sem hafa ekki íslensku að móðurmáli. Hagnýta á möguleika upplýsingatækninnar við að gera aðgang að upplýsingum greiðari og samskipti íbúa og bæjarins einfaldari. Þetta kallar á umfangsmikla vinnu teyma sem vinna þvert á svið bæjarins og aðkomu sérfræðinga að greiningarvinnu, stefnumótun, þýðingarvinnu, hönnun, viðmóti, forritun og innleiðingu nýs hugbúnaðar. Ekki verður ráðið í nýjar stöður til að fylgja eftir þessum verkefnum, fyrir utan ráðningu nýs sviðsstjóra, heldur fengin aðkeypt sérfræðiþjónusta. Leitað verður samstarfs sveitarfélaga í þessum verkefnum eins og framast er unnt til að lágmarka kostnað sem getur orðið umtalsverður á næstu árum en framtíðarsparnaður gæti orðið mikill eins og dæmin hafa sannað héraendis og erlendis í opinberri þjónustu. Árið 2020 er áformað að endurskoða nokkra ferla í grunnþjónustu sveitarfélagsins og innleiða fyrir árslok. Nú þegar er hafin vinna við innleiðingu ábendingagáttar sem var eitt af lykilumbótarkerfum í skýrslu Capacent frá því í mars 2019.

Þróunar- og tölvudeild gegnir lykilhlutverki í stafrænu umbreytingaferli. Á fyrri hluta árs verður hafin innleiðing á skýjalausninni Office365 sem styður við markmið um aukið öryggi, samvinnu, aðgengi og sveigjanleika. Notendaþjónusta og verkefnastýring verður eflað á árinu með samvinnu þvert á öll svið bæjarins og við önnur sveitarfélög. Kostnaður vegna upplýsingatækni, þ.m.t. netreksturs, tölvubúnaðar, hýsingar og öryggismála, hefur vaxið í rekstri þjónustufyrirtækja sl. ár í réttu samhengi við breytt þjóðfélag og kröfur notenda. Spjaldtölvuvæðing í grunnskólum og stóraukin netnotkun, t.d. vegna mikillar fjölgunar snjalltækja og eftirlitsmyndavéla, hefur aukið rekstrarkostnað. Mikilvægi upplýsingatækni hefur stóraukist og hefur þörfinni verið mætt m.a. með útvistun verkefna og aukinni sjálfvirkni í þjónustu.

Mikil krafa er um aukinn sýnileika og kynningu á verkefnum sveitarfélagsins þvert á öll svið, s.s. varðandi það að laða að nýja starfsmenn í skóla- og félagsþjónustu, kynningu á nýjum hverfum, lóðasölu og vekja athygli á bænum sem ferðamannastað. Þetta hefur kallað á aukin útgjöld við framleiðslu og útgáfu efnis, auglýsingabirtingar og sýnileika á samfélagsmiðlum og öðrum netmiðlum. Miðlunarleiðum fjölgar og bærinn er í auknum mæli farinn að nýta leiðir eins og myndbönd og hlaðvörp til að koma þjónustu og upplýsingum á framfæri. Framlag til upplýsinga- og kynningarmála er um 37 milljónir króna. Kostnaður vegna vinabæjasamskipta verður óbreyttur árið 2020. Beiðnir um ný vinabæjasamskipti eru í skoðun.

Á árinu 2019 var samþykkt að ráðinn yrði sviðsstjóri yfir þjónustu- og þróunarsviði og tók hann til starfa 1. ágúst sl. Vefstjóri, sem áður var í tölvudeild, fluttist yfir í samskiptateymi. 50% stöðugildi færðist frá þjónustuveri og yfir til fjölskyldu- og barnamálsviðs.

## Rekstraryfirlit:

Stjórnsýslusvið, fjármálasvið og þróunar- og þjónustusvið m. kr.	Áætlun 2020	Áætlun 2019	Ársreikningur 2018
<b>Tekjur:</b>			
Samtals tekjur	94	70	71
<b>Gjöld:</b>			
Laun og launatengd gjöld	752	739	523
Lífeyrisskuldbinding	1.091	1.067	986
Annar rekstrarkostnaður	871	685	666
Samtals gjöld	2.714	2.491	2.175
<b>Rekstrarniðurstaða</b>	<b>(2.620)</b>	<b>(2.421)</b>	<b>(2.204)</b>

## Mannauður:

Stjórnsýslu- og fjármálasvið	Fjöldi stöðugilda 2020	Fjöldi starfsm. 2020	Fjöldi stöðugilda 2019	Fjöldi starfsm. 2019	Fjöldi stöðugilda 2018	Fjöldi starfsm. 2018
Bæjarskrifstofa	33,5	35	31,5	32,25	29,5	30,25
Þróunar- og tölvudeild	5,3	6	6,3	7	6,3	7
Þjónustuver	6	7	6,9	7	6,9	7
<b>Samtals</b>	<b>44,8</b>	<b>48</b>	<b>44,7</b>	<b>46,25</b>	<b>42,7</b>	<b>44,25</b>

## Eignasjóður

Fráveita, Vatnsveita og Húsnæðisskrifstofa leggja til fé vegna umsýslu sinna eininga inn í A-hluta. Fráveita og Vatnsveita greiða 89 milljónir króna hvor og Húsnæðisskrifstofa 24 milljónir króna. Launaáætlun er byggð á kjarasamningum og starfsmati. Heildarlaunakostnaður er 373 milljónir króna og hækkar um 12 milljónir króna milli ára.

Á undanförunum árum hefur jafnt og þétt verið aukið við viðhaldsfé til fasteigna og lóða bæjarins, en þessi liður var mikið skorinn niður eftir hrun. Heildarviðhaldsfé fyrir fasteignir og lóðir var aukið verulega á árinu 2018, eða um 200 milljónir króna milli ára. Fjármagn til viðhalds fasteigna stendur í stað á árinu 2020. Unnin hefur verið ítarleg skýrsla vegna viðhalds eigna á sviðinu og nýttist hún við gerð viðhaldsáætlana fyrir hverja stofnun fyrir sig. Stefnt er að því að undirbúningsvinna við útboð á viðhaldi eigna bæjarins hefjist strax í desember 2019, eftir að fjárhagsáætlun hefur verið samþykkt. Útboð fari síðan fram snemma árs 2020. Unnin verður nákvæm tímasett áætlun um hvenær viðhald fer fram í einstökum stofnunum bæjarins.

### Viðhald skiptist sem hér segir:

Áætlað fjármagn 2020	% skipting	upphæð í kr.
Skólar	37,5%	174.732.260
Leikskólar	15,0%	69.801.660
Sundlaugar/Íþróttahús	23,5%	109.492.800
Annað húsnæði	16,0%	74.363.860
Ófyrirséð	8,0%	37.329.420
<b>Samtals</b>	<b>100%</b>	<b>465.720.000</b>

Rafmagn í sveitarfélaginu var boðið út 2016 og var útboðið bænum tiltölulega hagstætt. Hækkun á rafmagni og hita sem tengist verðlagsþróun og endurskoðun er um 3,6 milljónir króna, eða um 4%. Á árinu 2018 var að nýju farið að veita styrki til íbúa til glerskipta vegna umferðarhávaða frá umferðarmiklum vegum í sveitarfélaginu. Til verkefnisins eru áætlaðar sex milljónir króna. Íbúar sækja um styrk og eru umsóknirnar síðan metnar samkvæmt reglum sem bæjarstjórn samþykkir.

Hirðing á hrossataði frá hesthúsum í Hlíðarþúfum er nú áætluð um 10 milljónir króna. Hefur hún hækkað um hálfa milljón króna milli ára og er það vegna aukins umfangs á svæðinu og hækkunar á kostnaði vegna hreinsunar. Hestamenn greiða fyrir þessa þjónustu bæjarins.

Viðhald gatna og gönguleiða er boðið út að mestu sem og merkingar gatna. Fyrir árið 2020 eru áætlaðar um 189 milljónir króna í þessa liði, sem er aukning um níttján milljónir króna milli ára, eða 4%. Enn er nokkur uppsöfnuð viðhaldsþörf í gatnakerfi bæjarins en mikið hefur þó áunnist síðustu ár. Haldið verður áfram með fyrirbyggjandi viðhaldsverkefni. Heildarfjármagn til viðhalds á gatnakerfinu er 123 milljónir króna og hækkar um tíu milljónir króna milli ára, eða um 8%. Hækkun er í aðkeyptri vinnu vegna viðhalds á gönguleiðum. Heildarfjármagn til viðhalds er 9,3 milljónir króna og hækkar um hálfa milljón króna milli ára, eða um 4%. Hækkun er í aðkeyptri vinnu við yfirborðsmerkingar gatna. Heildarkostnaður í aðkeyptri vinnu er 19 milljónir króna og hefur hækkað um 3,5 milljónir króna milli ára, eða um 23%. Ekki hefur náðst að klára allar yfirborðsmerkingar á götum síðustu ár. Hækkun er í aðkeyptri vinnu við sópun og hreinsun gatna og stíga. Heildarkostnaður í aðkeyptri vinnu er 23 milljónir króna og hækkar um 1 milljón króna milli ára, eða um 5%, sem eykur þjónustustig gatna og stíga. Haldið verður áfram að fjölga biðskýlum í bænum í samræmi við fjölda innstíga á hverri biðstöð fyrir sig. Þar sem flest innstig eru koma ný biðskýli.

Snjómokstur og hálkuvarnir eru unnar að mestu með tækjum og af starfsfólki sveitarfélagsins en einnig eru tæki verktaka tiltæk þegar mest snjóar. Hluti snjóruðnings og hálkuvarna á stígum er í verktöku. Kostnaður vegna snjómoksturs og hálkuvarna gatna og stíga er áætlaður um 75 milljónir króna árið 2020. Raunkostnaður hefur verið á bilinu 28–50 milljónir króna síðustu ár.

Fyrir árið 2020 eru áætlaðar um 138 milljónir króna til viðhalds og reksturs á opnum svæðum, sem er aukning um 4 milljónir króna, eða um 3%. Umhverfis- og auðlindastefna bæjarins sem samþykkt var vorið 2018 fékk úthlutað fé á þessu ári til að vinna að hinum ýmsu verkefnum á aðgerðaáætlun hennar, svo sem kolefnisjöfnun, endurheimt votlendis og mælingar á örplasti. Miðað er við að sama upphæð verði til þeirra verkefna árið 2020, eða 15 m. kr.

Aukið hefur verið í snyrtingu bæjarins, og þá sérstaklega miðbæjarins, á síðustu árum. Áfram verður lögð áhersla á hreinsun miðbæjarins, verkferlar verða gerðir skýrari og ábyrgð skilgreind. Haldið verður áfram við uppbyggingu og lagfæringar í Hellisgerði og á Víðistaðatúni, en undanfarin ár hefur verið unnið við ýmis verkefni á þessum stöðum. Starfshópur vegna Hellisgerðis hefur lokið störfum en stefnt er á að á 100 ára afmæli Hellisgerðis árið 2023 verði búið að auka á fegurð og snyrtileika garðsins. Umhverfisvaktin verður áfram auglýst á árinu 2020 en hún hefur hjálpað mjög til við að hreinsa opin

svæði í bænum. Jafnframt vinnur þjónustumiðstöð að hreinsunarmálum. Haldið verður áfram með viðhald á leiksvæðum og opnum svæðum en reglulega eru gerðar úttektir á svæðunum og verkefnum síðan raðað í forgangsröð eftir mikilvægi. Viðurkenningar fyrir snyrtilega og fallega garða og umhverfi verða áfram veittar og er ætlunin að líta nú einnig sérstaklega til fallegs viðhalds gamalla húsa og lóða. Einnig verði undirbúið að setja aftur á laggirnar húsverndarsjóð.

Unnið hefur verið við frágang í Seltúni í Krýsuvík undanfarin ár og verður þeirri vinnu haldið áfram næsta sumar. Haldið verði áfram með vinnu vegna Leiðarenda með það að markmiði að gera hellinn aðgengilegri fyrir þá sem vilja skoða hann. Eins er unnið að því að bæta aðstöðu við Krýsuvíkurborg.

Sláttur á opnum svæðum verður áfram boðinn út að hluta eins og áður. Með þessu á bæjarvinnan auðveldara með að sinna slætti á öðrum svæðum en nokkuð hefur bæst við af svæðum samhliða frágangi í nýjum hverfum. Beðahreinsun verður aftur boðin út en með því ætti Vinnuskólinn að eiga auðveldara með að viðhalda beðunum á öðrum stöðum meðan hann starfar. Haldið verður áfram að halda við leiksvæðum. Fjármagn í jólalýsingar er hækkað um 2 milljónir króna, eða í 11 milljónir króna.

#### Eftirfarandi tafla sýnir viðhald hjá eignasjóði frá árinu 2014:

Þús.kr.	Raunkostnaður 2014	Raunkostnaður 2015	Raunkostnaður 2016	Raunkostnaður 2017	Raunkostnaður 2018	Áætlun 2019	Áætlun 2020
Viðhald húsnæðis og búnaðar	239.886	245.893	250.278	287.583	485.104	461.220	465.720
Viðhald gatnasvæða	142.159	139.523	147.917	160.508	168.015	170.136	188.736
Viðhald opinna svæða	65.559	68.825	79.178	90.008	111.952	120.676	138.319

#### Rekstraryfirlit:

Eignasjóður – m. kr.	Áætlun 2020	Áætlun 2019	Ársreikningur 2018
<b>Tekjur:</b>			
Samtals tekjur	4.540	3.913	3.688
<b>Gjöld:</b>			
Laun og launatengd gjöld	373	361	329
Annar rekstrarkostnaður	1.838	1.784	1.715
Afskriftir	754	756	716
Fjármagnsliðir	1.630	1.965	1.893
Samtals gjöld	4.595	4.866	4.653
<b>Rekstrarniðurstaða</b>	<b>(55)</b>	<b>(953)</b>	<b>(965)</b>

#### Vatnsveita

Rekstur Vatnsveitu verður óbreyttur frá fyrra ári nema hvað eitt stöðugildi bætist við. Vatnsveita greiðir hlutdeildarkostnað til umhverfis- og skipulagsþjónustu, 88,9 milljónir króna. Þessi hlutdeild er hugsuð vegna allrar umsýslu miðlægt fyrir Vatnsveitu, meðal annars vegna launavinnslu og hlutdeildar í allri almennri stjórnsýslu og stjórnun. Haldið verður áfram að vinna að sameiginlegum málum vatnsveitna á höfuðborgarsvæðinu.

### Rekstraryfirlit:

Vatnsveita – m. kr.	Áætlun 2020	Áætlun 2019	Ársreikningur 2018
<b>Tekjur:</b>			
Samtals tekjur	440	430	417
<b>Gjöld:</b>			
Laun og launatengd gjöld	64	65	59
Annar rekstrarkostnaður	157	144	137
Afskriftir	66	61	59
Samtals gjöld	287	270	255
<b>Rekstrarniðurstaða</b>	<b>153</b>	<b>160</b>	<b>162</b>

### Fráveita

Rekstur Fráveitu verður óbreyttur frá fyrra ári. Fráveita greiðir hlutdeildarkostnað til umhverfis- og skipulagsþjónustu, 88,9 milljónir króna. Þessi hlutdeild er hugsuð vegna allrar miðlægrar umsýslu fyrir Fráveitu, meðal annars vegna launavinnslu og hlutdeildar í allri almennri stjórnýslu og stjórnun.

### Rekstraryfirlit:

Fráveita – m. kr.	Áætlun 2020	Áætlun 2019	Ársreikningur 2018
<b>Tekjur:</b>			
Samtals tekjur	865	848	794
<b>Gjöld:</b>			
Laun og launatengd gjöld	37	34	32
Annar rekstrarkostnaður	209	202	212
Afskriftir	98	95	90
Fjármagnsliðir	133	160	172
Samtals gjöld	477	491	506
<b>Rekstrarniðurstaða</b>	<b>388</b>	<b>357</b>	<b>288</b>

### Húsnæðisskrifstofa

Hafnarfjarðarkaupstaður á 260 íbúðir sem reknar eru af Húsnæðisskrifstofu og átta íbúðir sem leigðar eru til endurleigu, þar af eru fimm íbúðir frá Íbúðalánasjóði. Á árinu 2018 voru keyptar fjórtán íbúðir og keyptar hafa verið sjö íbúðir það sem af er þessu ári. Lengi hefur verið ljóst að samsetning íbúða er ekki í samræmi við þarfir umsækjenda og þess vegna er gert ráð fyrir framlagi að fjárhæð 500 milljónir króna á ári til fjárfestingar í kerfinu á árunum 2020 til 2023. Stefnt er að því að kaupa um 14–15 íbúðir á ári miðað við að meðalverð íbúðar sé nálægt 30 milljónum króna. Lögð hefur verið áhersla á að kaupa 2–3 herbergja íbúðir en biðlistar eru eftir þeim íbúðum. Leiguverð íbúða Hafnarfjarðarkaupstaðar var í október 2019 1.290 kr./m<sup>2</sup> og er það bundið vísitölu og breytist á milli mánaða. Lagt er til að hækka leiguverð um 21%, eða í 1.561 kr. Rekstrarkostnaður þessara íbúða felst helst í almennu viðhaldi, svo sem málun og viðhaldi á innréttingum og gólfefni. Jafnframt er tekið þátt í viðhaldi sameigna og utanhússviðhaldi. Þegar íbúðir skipta um leigjendur eru þær teknar út og farið í allsherjar viðhald. Nokkur aukning hefur verið á þessum liðum vegna meiri veltu á íbúðum. Þá eru húsfélög að taka við sér og er vöxtur vegna viðhalds á sameignum frá því sem verið hefur undanfarin ár. Heildarviðhaldsfé er um 87 milljónir króna og hækkar um 8 milljónir króna milli ára, eða um 10%.



**Kostnaður við viðhald íbúða Húsnæðisskrifstofu:**

Þúsundir kr.	Raunk. 2014	Raunk. 2015	Raunk. 2016	Raunk. 2017	Raunk. 2018	Áætlun 2019	Áætlun 2020
Viðhald íbúða í Húsnæðisskrifstofu	48.316	62.938	51.682	74.271	85.309	79.100	86.600

Húsnæðisskrifstofa greiðir hlutdeild af kostnaði til umhverfis- og skipulagssviðs og fjölskyldu- og barnamálasviðs, alls 23,7 milljónir króna. Verið er að færa raunkostnað vegna starfsmanna sviðanna á málaflokkinn.

**Rekstraryfirlit:**

Húsnæðisskrifstofa – m. kr.	Áætlun 2020	Áætlun 2019	Ársreikningur 2018
<b>Tekjur:</b>			
Samtals tekjur	469	377	331
<b>Gjöld:</b>			
Laun og launatengd gjöld	0	0	0
Annar rekstrarkostnaður	217	215	211
Afskriftir	69	67	55
Fjármagnsliðir	183	182	149
Samtals gjöld	469	464	415
<b>Rekstrarniðurstaða</b>	<b>(0)</b>	<b>(87)</b>	<b>(84)</b>

**Mannauður:**

Umhverfis- og skipulagssvið	Stöðugildi 2020	Starfsmenn 2020	Stöðugildi 2019	Starfsmenn 2019	Stöðugildi 2018	Starfsmenn 2018
Skipulags- og byggingarmál	6,5	7	6,5	7	6,5	6,5
Framkvæmdamál	13	13	13	13	13	13
Þjónustumiðstöð	17	17	17	17	16	16
Vatnsveita	5	5	5	5	4	4
Fráveita	4	4	4	4	4	4
<b>Samtals</b>	<b>45,5</b>	<b>46</b>	<b>45,5</b>	<b>46</b>	<b>43,5</b>	<b>43,5</b>

**Hafnarfjarðarhöfn**

Rekstur Hafnarfjarðarhafnar á árinu 2019 hefur gengið samkvæmt áætlun í öllum stærstu þáttum. Aukning hefur verið í skipakomum og almennri hafnarþjónustu. Einnig er aukning í komum farþegaskipa og stöðugleiki í bæði vöruflutningum og lönduðum afla miðað við góða aukningu á síðustu árum. Heildartekjur voru áætlaðar um 676 milljónir fyrir árið 2019 en verða líklega nær 690 milljónum, sem eru svipaðar tekjur og voru árið 2018. Þá var rekstrarniðurstaða ársins upp á rúmar 273 milljónir, sem var vel yfir áætlunum.

Helstu óvissuþættir fyrir komandi ár er heildarlöndun á uppsjárvarfiski (makríl og síld) og einnig hverjar afleiðingar verða af lokun kerskála 3 í Straumsvík í ágúst sl. Sú staða hefur nú þegar haft áhrif á framleiðslu og inn- og útflutning frá Straumsvíkurhöfn. Þá er stefnt að útboði siglinga fyrir álverið í árslok 2019. Það útboð gæti haft í för með sér breytingar á stærð skipa og tíðni rútusiglinga í Straumsvík

frá og með miðju næsta ári. Því er ástæða til að fara varlega í áætlanir um frekari aukningu í vöruflutningum á komandi ári.

Fjárhagsáætlun fyrir árið 2020 gerir ráð fyrir að heildartekjur hafnarsjóðs verði um 702 milljónir króna. Helstu forsendur tekjuáætlunar eru að almenn umferð og umsvif verði sambærileg og á árinu 2019, aukning verði í almennum lausaflutningum og aflagjöld verði sambærileg og undanfarin ár. Fjölgun verður í heimaflota með komu rannsóknarskipa Hafrannsóknarstofnunar og einnig er fyrir séð þó nokkur fjölgun í komum farþegaskipa á komandi ári. Gjaldskrá hafnarinnar mun hækka í samræmi við lífskjarasamning, eða innan við 2,5% frá 1. janúar 2020. Almenn rekstrarútgjöld hækka lítilliga vegna aukinna framlaga til viðhaldsverkefna og gert er ráð fyrir nokkurri hækkun á launaliðum í framhaldi af nýjum kjarasamningum. Þá munu afskriftir fastafjármuna hækka nokkuð. Sú viðbót er vegna afskrifta á nýja hafnarsvæðinu utan Suðurgarðs, en nú hefur öllum lóðum á svæðinu verið úthlutað.

Rekstrarafkoma ársins 2020 er áætluð um 230 milljónir þrátt fyrir umtalsverða hækkun afskrifta fastafjármuna frá fyrra ári, eða úr 64 milljónum í rúmar 96 milljónir. Launakostnaður er stærsti útgjaldaliður hafnarsjóðs, eða um 200 milljónir á árinu 2019. Launaáætlun hefur staðið þrátt fyrir þó nokkuð aukin umsvif. Starfsmannafjöldi hefur verið stöðugur síðustu ár en bætt hefur verið við einu stöðugildi. Þau eru þá 13 talsins og verður það óbreytt á árinu 2020. Mestu álagstímum frá vori fram á haust hefur verið mætt með aukningu í sumarafleysingum og lausatímamönnum í einstök stærri útköll. Kjarasamningar starfsmanna hafa verið lausir frá lokum mars 2019 og er tekið mið þeirri stöðu í launaáætlun fyrir 2020 en nokkur óvissa ríkir um þróun kjaramála á komandi ári. Helstu framkvæmdir hafnarsjóðs á árinu 2020 verða lok framkvæmda við Háabakka – trébryggja og frágangur á yfirborði, endurbætur á Norðurgarði, frágangur á hafnarsvæði vestan við Hvaleyrarbakka, undirbúningur fyrir öflugri raftengingu til skipa á Suðurbakka og uppsetning Led-lýsingar við Suðurbakka. Allar fjárfestingar verða greiddar af eigin fé hafnarinnar.

Frá haustdögum 2018 hefur verið unnið að gerð nýs rammaskipulags fyrir Óseyrarsvæði og Fornubúðir út frá niðurstöðu opinnar samkeppni um framtíðaruppbyggingu þessara svæða sem fram fór á vordögum 2018. Stefnt er að því að hægt verði að hefja vinnu við deiliskipulag á einstökum reitum í rammaskipulagi á svæðinu á komandi vetri og að undirbúningur framkvæmda og uppbyggingar á svæðinu geti þá hafist á síðari hluta ársins 2020. Ljóst er að hér er um viðamikið verkefni að ræða sem snýr m.a. að endurgerð og stækkun smábátahafninnar við Flensborg allt inn undir Vesturhamar, auk framkvæmda á atvinnu- og þjónustureit við Fornubúðir og íbúðasvæðis milli Hvaleyrarbrautar og Óseyrarbrautar. Helstu framkvæmdir hafnarsjóðs á næstu árum munu því væntanlega snúa að uppbyggingu á hafnarsvæðinu frá Háabakka út undir Vesturhamar. Undirbúa þarf byggingu nýrrar smábátahafnar, með hafnargarði og góðu viðlegurými, auk nýrrar aðstöðu fyrir Siglingaklúbbinn þyt við Drafnarlippinn. Þá gera tillögur ráð fyrir endurbyggingu á hafnarkanti allt frá Óseyrarbryggju út að slippsvæðinu og byggingu nokkurra þjónustubygginga innan lóðarmarka hafnarinnar. Í langtímaáætlun hafnarsjóðs fyrir árin 2021 til 2023 er gert ráð fyrir fyrstu áföngum í undirbúningi og framkvæmdum á þessu svæði.

**Rekstraryfirlit:**

Hafnarfjarðarhöfn – m. kr.	Áætlun 2020	Áætlun 2019	Ársreikningur 2018
<b>Tekjur:</b>			
Samtals tekjur	702	676	619
<b>Gjöld:</b>			
Laun og launatengd gjöld	216	190	182
Lífeyrisskuldbinding	19	19	43
Annar rekstrarkostnaður	155	154	127
Afskriftir	94	67	63
Fjármagnsliðir	(17)	2	26
Samtals gjöld	467	432	441
<b>Rekstrarniðurstaða</b>	<b>235</b>	<b>244</b>	<b>178</b>

**Mannauður:**

Hafnarfjarðarhöfn Stöðugildi	Fjöldi stöðugilda 2019	Fjöldi starfsmanna 2019	Fjöldi stöðugilda 2018	Fjöldi starfsmanna 2018	Fjöldi stöðugilda 2017	Fjöldi starfsmanna 2017
Hafnarfjarðarhöfn	13	13	12	12	12	12

# Framkvæmdaáætlun 2020

Fjárheimild til framkvæmda árið 2020 er samtals 3.125 milljónir króna. Hluti af þessari upphæð er frekari uppbygging á suðurhöfninni, kaup á félagslegu húsnæði og framkvæmdir veitna. Í fjárhagsáætlun 2020 er lögð áhersla á forgangsröðun í grunnþjónustu, svo sem skólamannvirkjum, samgöngum, fráveitumálum og endurnýjun á Sólvangi.

Hafnarfjarðarbær er aðili að nýjum samgöngusamningi SSH og ríkisins sem inniber uppbyggingu á samgöngumannvirkjum á höfuðborgarsvæðinu. Samþykkt hefur verið nýtt innanbæjarleiðakerfi fyrir Strætó og mun nýja leiðakerfið taka gildi um mitt næsta ár. Í tengslum við það þarf að fara í tilfærslur á biðstöðvum sem og auglýsingar. Á næsta ári er áætlað að gera samgönguáætlun fyrir Hafnarfjörð þar sem áhersla verður lögð á umferðaröryggismál og vistvænar samgöngur fyrir íbúa bæjarins. Ásvallabraut milli Skarðshlíðar og Kaldárselsvegur fer í framkvæmd á árinu 2020 og gert er ráð fyrir að sú framkvæmd taki tvö ár. Tvöföldun Reykjanesbrautar frá Kaldárselsvegi að Krýsuvíkurvegi lýkur á árinu 2020.

Gert er ráð fyrir áframhaldandi framkvæmdum við nýjan leik-, tónlistar- og grunnskóla í Skarðshlíð sem hófust á árinu 2017. Annar áfangi skólans var opnaður haustið 2019 og verður framkvæmdum lokið á árinu 2020. Í öðrum áfanga var opnaður fjögurra deilda leikskóli, tónlistarskóli og viðbót við grunnskólann. Á árinu 2020 er gert ráð fyrir framkvæmdum fyrir um 800 milljónir króna vegna þessa. Þá verður farið í lagfæringar á Hraunvallaskóla, en gluggakerfi skólans hefur ekki virkað sem skyldi og valdið lekaskemmdum í skólanum. Kláruð verður endurskoðun á gatnakerfi Skarðshlíðar út frá breyttu skipulagi á næsta ári. Lokið verður við endurgerð á Grænuvík en þar er verið að endurnýja lagnir og yfirborð götunnar.

Unnið verður í frágangi á nýbyggingarsvæðum víðsvegar um bæinn sem og gerð nýrra stíga til að stuðla að vistvænni samgöngumátum. Verið er að undirbúa uppsetningu á hreystivelli á Hörðuvöllum en þegar hefur verið gerður samningur um kaup á vellinum. Eins verður unnið áfram að gerð gangstétta sem og öðrum frágangs- og umferðaröryggismálum í bænum. Varðandi uppbyggingu nýrra hverfa er miðað við að tekjur af sölu lóða standi straum af gatnagerð þessara svæða. Hafin verður endurgerð á gamla Sólvangi í tengslum við nýtt hjúkrunarheimili á Sólvangi sem opnað var í haust. Áætlaðar eru 100 m. kr. í fyrsta áfanga.

Sérstakt fjármagn er ætlað til vinnu að ýmsum verkefnum á sviði umhverfismála. Á næsta ári verður haldið áfram vinnu við að endurnýja umferðaljós og gatnalýsingu og verður notast við LED-lýsingu. Verkefnið, sem þegar er hafið, mun taka nokkur ár í framkvæmd. Eins er sett fé til uppbyggingar á ferðamannastöðum í sveitarfélaginu.

Aukið er verulega við endurnýjun heimæða í vatnsveitunni en þar hefur myndast nokkur uppsöfnuð þörf á endurnýjun. Undirbúningsvinna er framundan við virkjun á nýju vatnsbóli þar sem bora þarf vinnsluholur, byggja dæluhús og leggja u.þ.b. 10 km aðveitulögn að bænum. Virkjun vatnsbólsins verður hugsanlega unnin í samvinnu við aðrar vatnsveitur á höfuðborgarsvæðinu.

Hafin er undirbúningsvinna við nýtt stofnræsi fráveitu á Völlum og stefnt er að útboði á árinu 2020. Einnig verður á árinu 2020 hafinn undirbúningur að lagningu stofnræsis frá iðnaðarhverfi að Hraunavík. Af stærri verkefnum sem framundan eru má nefna endurnýjun á dælum og búnaði auk þess sem reikna má með auknum kröfum um hreinsun skólps á næstu árum.

Á næsta ári er gert ráð fyrir lántöku að upphæð 420 milljónir króna vegna kaupa á félagslegu húsnæði. Gert er ráð fyrir að verja 500 milljónum króna á ári árin 2020 til 2023 til kaupa á félagslegum íbúðum, eða samtals fyrir 2.000 milljónir króna.

Áfram verður unnið að undirbúningi á uppbyggingu íþróttamannvirkja á næsta ári þótt ekki sé gert ráð fyrir fjármagni til framkvæmda fyrr en á árinu 2021. Starfshópar vegna fyrirhugaðrar uppbyggingar nýs

knatthúss og reiðhallar hafa skilað skýrslu með þarfagreiningu og kostnaðarmati. Fyrir liggur að fara þarf í breytingar á deiliskipulagi á athafnasvæði Sörla og ljúka aðalskipulagsbreytingu vegna breyttra nota á hluta af athafnasvæði Hauka og gera nýtt deiliskipulag fyrir svæðið í kjölfarið. Unnið er samkvæmt samkomulagi milli Hafnarfjarðarkaupstaðar og Hauka um að hluti lóðar Ásvalla fari undir íbúðir og að lóðatekjurnar hafi áhrif á upphaf og framvindu framkvæmda við byggingu knatthúss. Tekjur af sölu hesthúsalóða munu einnig hafa áhrif á framkvæmdahraða við reiðhöll. Á næsta ári verður unnið að frekari undirbúningi og kostnaðargreiningu í samvinnu við félögin.

### Fjárfestingar 2020–2023

Umhverfi og götur	2020 Upphæð í m. kr.	Þriggja ára áætlun		
		2021	2022	2023
<b>Götur</b>				
Gatnaverkefni óskilgreint		100	190	380
Haldið verður áfram við frágang stétta, umferðaröryggismála og grassvæða á nýbyggingarsvæðunum á Völlum og í Áslandi, Skipalóni, Selhrauni, Hellnahrauni og Skarðshlíð	40	40	40	40
Malbikun, lok gatnagerðar í Áslandi/Völlum/Skarðshlíð/Selhrauni	53	50	50	50
Stéttir, víðsvegar í eldri hverfum og vegna veitna	16			
Miðbær, miðbæjarskipulag				
Norðurbakki, unnið við frágang á bakkanum og gönguleið		82		
Hringbraut – endurnýjun á stétt				
Ásvallabraut, gatnagerð	350	550		
Hamranes I, gatnagerð				
Hamranes II, gatnagerð				
Vatnshlíð, gatnagerð				
Skarðshlíð 3 áfangi, gatnagerð	30			
Hellnahraun III, gatnagerð				
Kapelluhraun, gatnagerð				
Kinnar og eldri götur svo sem Hverfisgata og Austurgata, endurnýjun	50			
Þétting byggðar – Hrauntunga, Hjallabraut, Ásvellir, Hraun o.fl.				
Reykjanesbraut, tvöföldun og tengingar	200			
Upplandsvegir, malbikun vega – upp í Kaldárbotna og stæðin				
Umferðarljós, endurnýjun stjórnbúnaðar	12			
Gatnalýsing, endurnýjun lýsingar	10	10	10	10
Merkurgata, nýtt skipulag				
Hellubraut, breyting á götunni skv. skipulagi	5			
Umferðaröryggisáætlun, framkvæmdir, tengist umhverfisáætlun				

Unnið veður að uppbygginu vistvænna samgangna svo sem gerð stíga við stofnbrautir í samvinnu við Vegagerðina, áframhaldandi vinnu við stíg með Kaldárselsveg ásamt fleiri stígum.	15				
Hindranir, nýjar og þær sem eru á skipulagi	10				
Hljóðvistarverkefni, greining á svæðum skv. reglugerð					
Leiðakerfi, biðskýli og stoppistöðvar – fjölgun skýla og nýtt leiðakerfi	20				
Snjóbræðslukerfi					
Ráðhúsið, frágangur í porti					
Samgöngusamningur SSH við ríkið	120		120	120	120
Flatahraun, ný gatnamót			35		
Reiðstígar					
Tækjakaup	30		30	30	30
Óskilgreint í götum og umhverfi	20				
<b>Umhverfi</b>					
Umhverfismál óskilgreint			30	60	70
Umhverfismál svo sem Kaldárbotnar, Víðistaðatún, Hellisgerði, upplandið, hreinsun, merkingar o.fl.	15		30	30	30
Ruslafötur/endurskipulagning, tæki og búnaður					
Grenndarstöðvar, frágangur á stöðvum					
Hellisgerði – afmæliverkefni 2023					
Miðbær, pallar við Hafnarborg og lagfæringar á gönguleiðum	8				
Uppbygging ferðamannasvæða	3				
Seltún, mótframlag vegna styrks	2				
Seltún, aðgerð vegna gamalla borhola	10				
Öryggismyndavélar á gatnamótum					
Rafhleðslustöðvar, nýjar					
Skólahreystivöllur, nýr og önnur leiksvæði	7				
<b>Fasteignir</b>	<b>upphæð í m. kr.</b>		<b>upphæð í m. kr.</b>	<b>upphæð í m. kr.</b>	<b>upphæð í m. kr.</b>
Fasteignaverkefni óskilgreint			130	270	570
Hjúkrunarheimili, verklok					
Sólvangur – endurgerð gamla Sólvangs	100		50		
Skarðshlíðarskóli, 3. áfangi og búnaður	800		50		
Skólalóðir, endurgerð					
Lækjarskóli, breyting innan skólans	5				
Hraunvallaskóli, hússtjórnarkerfi	10				
Hraunvallaskóli, lagfæringar	40				
Stærri lagfæringar í skólum					
Leikskóli, nýr					
Leikskóli Suðurbær, undirbúningur					

Leikskólar, stækkun starfsmannaaðstöðu				
Uppbygging íþróttamannvirkja		400	500	600
Ásvellir, bekkir í Ólafssal				
Keilir, samningur	19	19		
Kvartmílan				
Sundlaugar, búnaður				
Suðurbæjarlaug, endurskoðun				
St Jóseps, framkvæmdir við endurgerð				
Framkvæmdasviðshús, stækkun				
Tjaldsvæði, stýringar inn á svæðið				
Aðgengismál	5			
Stofnbúnaður	30	30	30	30
Óskilgreint í húsnæði	20			
<b>Veitur</b>	upphæð í m. kr.	upphæð í m. kr.	upphæð í m. kr.	upphæð í m. kr.
Veitur óskilgreint		50	50	50
Endurgerð heimæða Vatnsveitu	60	60	60	60
Vatnsveita, aðveita úr Fagradal, undirbúningur				
Endurnýjun brunahana og mæla	7	10	10	10
Vinna í dæluhúsum, stjórnkerfi, húsnæði, búnaði o.fl.	25			
Endurgerð heimæða fráveitu	10	10	10	10
Fóðranir og lagfæringar á fráveitu- og vatnslögnum í miðbænum	10			
Hafin verður vinna við nýtt stofnræsi fráveitu á Völlunum	170	390		
Stofnræsi	5	50	50	50
Lagfæringar á húsnæði og búnaður fráveitu				
Annað	13			
<b>Húsnæðisskrifstofa</b>	upphæð í m. kr.	upphæð í m. kr.	upphæð í m. kr.	upphæð í m. kr.
Lengi hefur verið ljóst að samsetning íbúða er ekki í samræmi við þarfir umsækjenda og þess vegna er gert ráð fyrir framlagi í fjárfestingum að fjárhæð kr. 500 milljónir til fjárfestingar í kerfinu.	500	500	500	500
<b>Skipulagsvinna</b>	upphæð í m. kr.	upphæð í m. kr.	upphæð í m. kr.	upphæð í m. kr.
Verkefni, sjá greinagerð undir 2.10 Skipulags- og byggingarmál	70	70	70	70
<b>Hafnarsjóður</b>	upphæð í m. kr.	upphæð í m. kr.	upphæð í m. kr.	upphæð í m. kr.
Uppbygging á Suðurrhöfn	200	200	200	200
<b>Samtals</b>	<b>3.125</b>	<b>3.096</b>	<b>2.280</b>	<b>2.880</b>



# **BÆJARSTJÓRN HAFNARFJARÐARKAUPSTAÐAR 2019**